



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Áhrif fjarvinnu á vegakerfið

Ágúst 2023



Unnið fyrir:	Rannsóknasjóð Vegagerðarinnar
Verkefni:	Áhrif fjarvinnu á vegakerfið
Dagsetning:	16. ágúst 2023
<hr/>	
Framkvæmd:	Sæunn Gísladóttir
Undirbúningur og spurningalisti:	Sæunn Gísladóttir
Gagnaöflun:	Sæunn Gísladóttir
Gagnavinnsla:	Sæunn Gísladóttir og Anna Soffía Víkingsdóttir
Skýrsla:	Sæunn Gísladóttir og Anna Soffía Víkingsdóttir
Ritstjórn og yfirlestur:	Marta Einarsdóttir

© RHA Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2023

Öll réttindi áskilin. Skýrsla þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-11-2023

L-ISSN 1670-8873

Efnisyfirlit

1	HELSTU NIÐURSTÖÐUR	V
2	INNGANGUR OG STAÐA ÞEKINGAR	1
3	AÐFERÐAFRÆÐI	4
4	NIÐURSTÖÐUR SPURNINGAKÖNNUNAR	6
4.1	BAKGRUNNUR SVARENDA	6
4.2	VINNUSÓKN FYRIR OG EFTIR COVID.....	7
4.2.1	Sækir þú vinnu út fyrir þéttbýlið þar sem þú býrð (eða út fyrir sveitabæ)?	7
4.2.2	Hversu oft í viku (að jafnaði) sækir þú vinnuna utan heimabyggðar?	8
4.2.3	Sóttir þú vinnu utan heimabyggðar áður en Covid-19 faraldurinn skall á?	9
4.2.4	Hversu oft í viku (að jafnaði) sóttir þú vinnu utan heimabyggðar áður en Covid-19 faraldurinn skall á?	10
4.2.5	Hefur orðið breyting á vinnusókn þinni í kjölfar Covid-19 faraldursins?	12
4.2.6	Hefur þú möguleika á að vinna þína vinnu heima/í heimabyggð?	14
4.2.7	Hefur orðið breyting á fjölda ferða þinna til og frá höfuðborgarsvæðinu eftir faraldurinn?	16
4.2.8	Hefur orðið breyting á fjölda ferða þinna til og frá Akureyri eftir faraldurinn?	17
4.2.9	Finnst þér munur á viðhorfi gagnvart fjarvinnu eftir Covid-19?	18
4.3	ÁSTAND VEGA	19
4.3.1	Hversu gott eða slæmt þykir þér ástand vega til að sækja vinnu utan heimabyggðar?	19
4.3.2	Hvað telur þú hafa mest áhrif á möguleika þína til að sækja vinnu um lengri leið? (Veldu að hámarki 3 kosti)	21
4.4	SAMGÖNGUMÁTI	25
4.4.1	Hvaða ferðamáta notar þú oftast til að sækja vinnu?	25
4.4.2	Hvað eru að jafnaði margir í bílnum sem þú ferð með?	25
4.5	RAFBÍLAR.....	26
4.5.1	Átt þú rafbíl?	26
4.5.2	Hvað hefur þú átt rafbíl lengi?	27
4.5.3	Að hve miklu leyti hafði það að þú sækir vinnu um lengri leið (utan heimabyggðar) áhrif á að þú skiptir yfir í rafbíl?	28
4.5.4	Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Hraðhleðslustöðvar eru á nægilega mörgum stöðum á leið minni til vinnu.	29

4.5.5	<i>Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Hraðhleðslustöðvar eru nægilega margar á hverjum stað á leið minni til vinnu.</i>	30
4.5.6	<i>Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Rafbílar henta til vetraraksturs.</i>	31
4.6	ALMENNINGSSAMGÖNGUR	32
4.6.1	<i>Hvaða innviði þarf að byggja upp til að styðja við almenningsamgöngukerfið á leið þinni til vinnu?.....</i>	32
4.7	OPIN SVÖR.....	32
4.7.1	<i>Er eitthvað annað sem þú vilt að komi fram varðandi vinnusókn utan heimabyggðar?</i>	32
5	UMRÆÐA.....	35
6	HEIMILDIR	40
7	VIÐAUKI: SPURNINGALISTI	42

Töfluyfirlit

Tafla 1. Bakgrunnur svarenda	6
Tafla 2. Sækir þú vinnu út fyrir þéttbýlið þar sem þú býrð (eða út fyrir sveitabæ)?	7
Tafla 3. Hversu oft sækir þú vinnu utan heimabyggðar?	9
Tafla 4. Sóttir þú vinnu utan heimabyggðar áður en Covid-19 faraldurinn skall á?	10
Tafla 5. Hversu oft í viku (að jafnaði) sóttir þú vinnu utan heimabyggðar áður en Covid-19 faraldurinn skall á?	12
Tafla 6. Hefur orðið breyting á vinnusókn þinni í kjölfar Covid-19 faraldursins?	13
Tafla 7. Hefur þú möguleika á að vinna þína vinnu heima/ í heimabyggð?	15
Tafla 8. Hefur þú möguleika á að vinna þína vinnu heima/ í heimabyggð?	16
Tafla 9. Hefur orðið breyting á fjölda ferða þinna til og frá höfuðborgarsvæðinu eftir faraldurinn?	17
Tafla 10. Hefur orðið breyting á fjölda ferða þinna til og frá Akureyri eftir faraldurinn?	18
Tafla 11. Finnst þér munur á viðhorfi gagnvart fjarvinnu eftir Covid-19?	19
Tafla 12. Hversu gott eða slæmt þykir þér ástand vega til að sækja vinnu utan heimabyggðar?	20
Tafla 13. Hvað telur þú hafa mest áhrif á möguleika þína til að sækja vinnu um lengri leið? (Veldu að hámarki 3 kosti).	21
Tafla 14. Hvaða ferðamáta notar þú oftast til að sækja vinnu?	25
Tafla 15. Hvað eru að jafnaði margir í bílnum sem þú ferð með?	26
Tafla 16. Átt þú rafbíl?	27
Tafla 17. Hvað hefur þú átt rafbíl lengi?	28
Tafla 18. Að hve miklu leyti hafði það að þú sækir vinnu um lengri leið (utan heimabyggðar) áhrif á að þú skiptir yfir í rafbíl?	29
Tafla 19. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Hraðhleðslustöðvar eru á nægilega mörgum stöðum á leið minni til vinnu.	30
Tafla 20. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu; Hraðhleðslustöðvar eru nægilega margar á hverjum stað á leið minni til vinnu.	31
Tafla 21. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Rafbílar henta til vetraraksturs.	32

1 Helstu niðurstöður

- **31%** íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins sem sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið og **23%** íbúa nærsveita Akureyrar sem sækja vinnu til Akureyrar segja að breyting hafi orðið á vinnusókn sinni í kjölfar Covid-19 faraldursins
- **68%** íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins sem sóttu vinnu á höfuðborgarsvæðið, sóttu vinnu þangað 5 sinnum í viku eða oftar fyrir Covid, en nú gera **53%** það.
- **74%** íbúa nærsveita Akureyrar sem sóttu vinnu til Akureyrar fyrir Covid sóttu vinnu þangað 5 sinnum í viku eða oftar, en nú gera **70%** það
- Mesta breyting hefur orðið á vinnusókn íbúa Suðurlands til höfuðborgarsvæðisins, en **39%** þátttakenda þaðan sögðu mun á vinnusókn sinni eftir Covid. **69%** íbúa Suðurlands sem sóttu vinnu til höfuðborgarsvæðisins fyrir Covid gerðu það 5 sinnum í viku eða oftar en nú gera **35%** það. Flestir íbúar Suðurlands sem sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið gera það nú 4 sinnum í viku, frekar en 5 sinnum í viku
- Gróflega má áætla að ÁDU hafi dregist saman um allt að **1,6%** á veginum frá

- Suðurlandi til höfuðborgarsvæðisins vegna samdráttar í vinnusókn
- Talsverður kynjamunur er í vinnusókn þeirra sem sækja vinnu utan heimabyggðar en **65%** kvenna sem sóttu vinnu utan heimabyggðar gerðu það 5 sinnum í viku eða oftar fyrir Covid en aðeins **45%** eftir Covid. Breytingin er þó einungis 4 prósent hjá körlum, úr **75%** í **71%**
 - Af þeim sem sóttu vinnu utan heimabyggðar fyrir Covid sóttu **67%** háskólamenntaðra vinnu utan heimabyggðar 5 sinnum í viku í samanburði við **75%** þátttakenda með grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun. Eftir Covid hefur bilið breikkað í **50%** og **70%**
 - **28%** íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins segjast fara sjaldnar til og frá höfuðborgarsvæðinu eftir faraldurinn
 - **7%** íbúa nærsveita Akureyrarbæjar segjast fara sjaldnar til og frá Akureyri eftir faraldurinn
 - **63%** þeirra sem sækja vinnu utan heimabyggðar segjast hafa einhvern möguleika á að vinna sína vinnu heima/ í heimabyggð en **37%** segjast ekki hafa möguleika á því. Algjör viðsnúningur er á hlutfalli þeirra sem segjast hafa möguleika á heimavinnu í

dag samanborið við rannsóknir sem voru framkvæmdar fyrir Covid

- Munur er þó á fjarvinnumöguleikum milli landshluta þannig sögðust tæplega helmingur íbúa nærsveita Akureyrar eða 49% ekki geta stundað vinnu sína heima/í heimabyggð, í samanburði við 32% íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins
- **71%** íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins og **77%** íbúa nærsveita Akureyrar finnst viðhorf gagnvart fjarvinnu jákvæðara eftir Covid-19. Konur eru líklegri til að telja viðhorfið jákvæðara en karlar
- **43%** þátttakenda í rannsókninni sögðu ástand vega gott eða mjög gott til að sækja vinnu utan heimabyggðar en **25%** sögðu það slæmt eða mjög

slæmt. Talsverður munur er á viðhorfi íbúa jaðarsvæða

höfuðborgarsvæðisins og nærsveita Akureyrar hvað þetta varðar en seinni hópurinn er talsvert jákvæðari

- Veðurfar, kostnaður, og umferð eru sögð hafa mestu áhrif á möguleika fólks til að sækja vinnu um lengri leið
- Aðeins **1%** þeirra sem sækja vinnu utan heimabyggðar segjast nota almenningsgöngur til vinnusóknar en **95%** einkabíl. Af þeim sem ferðast með einkabíl eru **90%** einir í bílunum
- **35%** ferðast með rafbíl til að sækja vinnu og samkvæmt **81%** rafbílaeigenda hafði það að mjög miklu leyti áhrif á að skipta yfir í rafbíl að sækja vinnu um lengri leið

2 Inngangur og staða þekkingar

Frá aldamótum hefur orðið gríðarleg fólksfjölgun á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins. Íbúafjölgun á Suðurnesjum nam til að mynda 80,7% á tímabilinu 2000-2022 samkvæmt Byggðastofnun (e.d.), íbúafjölgun í Árborg nam 90,4%, 69,5% í Hveragerðisbæ og 46,8% á Akranesi. Margir íbúar þessara svæða sækja atvinnu utan búsetusvæðis, s.s. á höfuðborgarsvæðinu og lögðu áður fyrr daglega leið sína til vinnu í einkabíl. Í skýrslu ViaPlan (2018) um rannsókn sem gerð var með tilstyrk Rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar kemur fram að á Akranesi og Selfossi sóttu 18-42% íbúa vinnu á höfuðborgarsvæðinu og langstærsti hluti þeirra (rúmlega 70%) ferðaðist með einkabíl til að sækja vinnu.

Svipaðar tölur er að finna í þjónustukönnunum Byggðastofnunar frá 2018 sem sýndu að 40% svarenda á Suðurlandi sóttu vinnu út fyrir sitt nærumhverfi, þar af 28% til höfuðborgarsvæðisins (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018a). Á Suðurnesjum sótti 41% vinnu út fyrir nærumhverfi sitt, þar af 45% til höfuðborgarsvæðisins (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018b).

Á höfuðborgarsvæðinu hefur orðið fjölgun um 40,2% frá aldamótum til 2022 (Byggðastofnun, e.d.) en þar hefur mesta fjölgunin verið í bæjarfélögum í kringum Reykjavík. Fjölgunin í Reykjavíkurborg nam einungis 23,5% á tímabilinu en mesta hlutfallslega fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu var í Mosfellsbæ, eða um 121,9% (Byggðastofnun, e.d.).

Á Norðurlandi eystra hefur orðið 11% fólksfjölgun frá aldamótum (Byggðastofnun, e.d.). Talsverð fækkun hefur orðið í mörgum af þeim sveitarfélögum sem eru lengst frá Akureyri, mest hefur fækkað í Fjallabyggð. Íbúum Akureyrarbæjar hefur hins vegar fjölgað um 27,1% á tímabilinu og fjölgun hefur átt sér stað í mörgum nærsveitum Akureyrar. Hlutfallslega hefur mest fjölgað í Svalbarðsstrandarhreppi eða um 31,7%. Einnig hefur fjölgað um 21,4% í Hörgársveit og 16,1% í Eyjafjarðarsveit. Margir íbúar þessara sveita sækja vinnu utan búsetusvæðis, s.s. á Akureyri en samkvæmt netkönnun RHA fyrir SSNE frá haustinu 2022 (Bára Elísabet Dagsdóttir, 2022) unnu 54% þátttakenda sem bjuggu í Eyjafjarðarsveit, 63% þátttakenda frá Hörgársveit og 27% þátttakenda frá Svalbarðsstrandarhreppi á Akureyri. Færri sækja vinnu til Akureyrar frá Dalvík, eða 8% samkvæmt könnuninni, en 13% íbúa í dreifbýli Dalvíkur sækja vinnu til Akureyrar (tekið skal fram að fá svör eru á bak við þetta).

Ferðir til og frá vinnu eru stór hluti ferða samkvæmt Ferðavenjukönnun sem VSÓ ráðgjöf framkvæmdi með tilstyrk frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar árið 2019 (VSÓ ráðgjöf, 2022). Algengasti tilgangur ferða var að „fara í vinnu“ og „fara heim (annað)“ sem eru ferðir heim úr afþreyingu, tómstundum o.þ.h., hvort tveggja var um 19% allra ferða. Einungis 10% ferða voru að „fara heim úr vinnu“ sem

sýnir að fólk fer ekki beint heim úr vinnu eins oft og það fer beint í vinnu. Hins vegar er meðaltími ferða hæstur fyrir „fara heim úr vinnu“ eða 18 mínútur og helsta ástæðan er líklega sú að flestar ferðir heim úr vinnu eru farnar á háannatíma og taka þ.a.l. lengri tíma.

Við Covid-19 faraldurinn varð bylting í fjarvinnu hér á landi þegar fjöldi fólks sem áður hafði aðeins stundað staðbundna vinnu hóf að stunda fjarvinnu að heiman. Í rannsókn ViaPlan (2018) kom fram að milli 60 og 70% þátttakenda sem búsettir voru á Akranesi, Selfossi og Hveragerði höfðu ekki möguleika á að vinna heima. Nú þegar takmörkunum vegna faraldursins hefur verið aflétt er vert að kanna hvort breyting hafi orðið á þessu og hvernig ferðamynstrið verður í fjarvinnu til lengri tíma. Samkvæmt skýrslu McKinsey Global Institute (2021) er enn óljóst hve mikil fjarvinna verður unnin eftir faraldurinn. Hins vegar var metið að um 20-25% starfsmanna í þróuðum hagkerfum gætu unnið fjarvinnu þrjá til fimm daga í viku, sem er fjórum til fimm sinnum meira en áður en faraldurinn skall á.

Nýjustu gögn Eurostat (2023) benda til þess að Íslendingar séu eftirbátar annarra þjóða í að innleiða fjarvinnu af krafti í kjölfar Covid-19 faraldursins. Í gögnunum kemur fram að aðeins 8,7% Íslendinga unnu oftast heima árið 2020 og 6,6% árið 2022, samanborið við 25,1% og 23,1% í Finnlandi sömu ár og 23,1% og 17,7% í Lúxemborg. Eurostat er ekki með tölur frá Íslandi fyrir árið 2021 en það ár mátti sjá enn meiri aukningu í sumum löndum, 32% á Írlandi stunduðu reglulega fjarvinnu þá og 28,1% íbúa Lúxemborgar. Talsvert hærra hlutfall Íslendinga segist stundum vinna fjarvinnu, eða 29,3% árið 2020 og 35,3% 2022 sem bendir til þess að þetta sé áfram að aukast.

Rannsóknir á Norðurlöndunum sýna að í kjölfar faraldursins hafi fólk mestan áhuga á að stunda fjarvinnu að hluta til frekar en að öllu leyti. Niðurstöður benda til þess að aukin tíðni verði á fjarvinnu til lengri tíma á öllum Norðurlöndunum (Nordregio, 2022). Könnun BHM (2021) leiddi í ljós að 81% þátttakenda höfðu áhuga á að stunda fjarvinnu að hluta til en einungis 3% að öllu leyti. Því er líklegt að íbúar stórhöfuðborgarsvæðisins og vinnusóknasvæðis Akureyrar haldi áfram að leggja leið sína reglulega til Reykjavíkur og Akureyrar, en vinni heima að hluta til, sé það möguleiki í starfi þeirra.

Innleiðing starfa án staðsetningar hjá Stjórnarráðinu (Stjórnarráðið hefur sett markmið um að 10% auglýstra starfa árið 2024 verði án staðsetningar (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2021)) gæti einnig haft áhrif á ferðamynstur þar sem hlutfallslega fleiri stöðugildi ríkisstarfa (72%) eru á höfuðborgarsvæðinu en hlutfall íbúa höfuðborgarsvæðisins af íbúafjölda landsins (64%), samkvæmt tölum Byggðastofnunar (Þorkell Stefánsson, 2021).

Tilgangur þessarar rannsóknar er að bæta stöðu þekkingar um áhrif fjarvinnu á ferðamynstur og þar af leiðandi á vegakerfið.

Lagt verður upp með að svara rannsóknarspurningunum: Hefur orðið breyting á tíðni ferða frá:

- jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins til höfuðborgarsvæðisins og
- frá nærsveitum Akureyrar til Akureyrar vegna atvinnusóknar í kjölfar Covid-19 faraldursins?

Skýrsluhöfundur telur að með aukinni þekkingu á ferðahegðun sé hægt að gera markvissari spár um álag á vegakerfið.

Einnig verður lagt upp með að svara spurningunum:

- Notar þú almenningsamgöngur til að komast til og frá vinnu?
- Hefur þú skipt yfir í rafbíl í kjölfar Covid-19 faraldursins?

Þá verður spurt:

- hvaða innviðaupbygging telur þú að þurfi að eiga sér stað vegna almenningsamgangna og rafbílavæðingar á leið til höfuðborgarsvæðisins/Akureyrar?

Upplýsingar um notkun á almenningsamgöngum og rafbílanotkun úrtaksins geta gefið vísbendingar um þörf á innviðaupbyggingu í kringum bæði almenningsamgöngur og rafbíla.

Til að bæta stöðu þekkingar verður að lokum einnig spurt um hindranir í að sækja vinnu um lengri leið, s.s. þjónustu á vegum og hvort viðkomandi neyðist til að vinna fjarvinnu (að fullu/eða einhverju leyti) vegna samgönguerfiðleika.

Höfundur skýrslunnar ber ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.

3 Aðferðafræði

Í rannsókninni var leitast við að kanna hvort breyting hafi orðið á ferðamynstri íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins í um það bil 45 mínútna akstursvegalengd frá höfuðborgarsvæðinu (s.s. íbúa Akraness, Hveragerðis, Selfoss, Þorlákshafnar, Eyrarbakka, Stokkseyrar, Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðis, Garðsins, Voga og Hafna) sem sækja vinnu á höfuðborgarsvæðinu og íbúa nærsveita Akureyrar (s.s. íbúa Eyjafjarðarsveitar, Hörgársveitar, Dalvíkur, Svalbarðsstrandarhrepps og Grýtubakkahrepps) sem sækja vinnu til Akureyrar í kjölfar Covid-19 faraldursins. Reiknað var út hver áhrif breytinga í tíðni ferða til vinnu gætu verið á heildarumferð til höfuðborgarsvæðisins og skoðað hver möguleg áhrif þess væru á vegakerfið.

Í sömu rannsókn var tækifærið nýtt til að kanna hve hátt hlutfall þátttakenda notar almenningssamgöngur.

Einnig var skoðað hve hátt hlutfall hefur skipt yfir í rafmagnsbíl og kannað hvaða innviði þarf að byggja upp til að styðja við almenningssamgöngukerfið og rafbílavæðingu fólks sem stundar vinnu utan búsetusvæðis.

Fjölbreyttar aðferðir voru notaðar til þess að fá eins mörg og fjölbreytt svör og möguleiki var á en um hentugleikaúrtak (e. convenience sample) var að ræða. Þann 13. apríl var könnunin sett í loftið og var hún auglýst á Facebook síðu Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri á íslensku og ensku með hlekk á könnunina. Ákveðið var að kosta gjafabréf til að auka líkur á þátttöku. Tvær auglýsingar á Facebook síðu RHA voru styrktar til að fá eins mikla útbreiðslu og möguleiki var á sú fyrsta til að kynna rannsóknina og sú síðari til að minna á að taka þátt.

Verkefnastjóri rannsóknarinnar, Sæunn Gísladóttir, deildi könnuninni inn í helstu íbúahópa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins og nærsveita Akureyrar, sem og í rafbílahóp á Facebook í aprílmánuði. Könnuninni var deilt í tvígang með rúmlega viku millibili í nokkrum hópum. Einnig deildi BHM könnuninni á Facebook síðu sinni.

Eftir það var haft samband við sveitarfélögin og þau beðin um að deila könnuninni til íbúa. Þá birtust fréttir um hana og/eða þeim var deilt á samfélagsmiðlum hjá fjölda sveitarfélaga, m.a.

Grindavíkurbæ, Akraneskaupsstað, Árborg, Grýtubakkahreppi, Dalvíkurbyggð og Reykjanesbæ.

Háskólinn á Akureyri deildi loks könnuninni á Facebook síðu sinni og það gerðu einnig Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra (bæði í fréttabréfi, á heimasíðu sinni og á samfélagsmiðlum).

Nokkrir fréttamiðlar sögðu frá könnuninni, þeirra á meðal Vikublaðið, Kaffið og Héðinsfjörður.

Gagnaöflun stóð yfir frá 13. apríl til 31. maí, alls barst 271 svar.

Gætt var að því að svör væru ekki persónurekjanleg og því voru flokkar sameinaðir ef um færri en fimm svör var að ræða. Þegar spurt var um kyn svaraði einungis ein manneskja að hún væri kvár og því var ákveðið að nota einungis svarvalmöguleikana karl eða kona þegar bakgrunnsbreytur voru skoðaðar eftir kyni.

4 Niðurstöður spurningakönnunar

4.1 Bakgrunnur svarenda

Alls barst 271 svar. Af þeim var 201 svar frá þeim sem skilgreindu sig annars vegar sem íbúa á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins sem sóttu vinnu á höfuðborgarsvæðið, og hins vegar sem íbúa nærsveita Akureyrar sem sóttu vinnu til Akureyrar og því voru einungis þau svör notuð. Meirihluti þessara svarenda eða 144 bjuggu á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins en 57 í nærsveitum Akureyrar.

Hér má sjá töflu með helstu bakgrunnsbreytum svarenda þeirra svara sem notuð voru:

Tafla 1. Bakgrunnur svarenda

	Fjöldi	Hlutfall
Heildarfjöldi	201	100,0%
Kyn		
Karl	102	51,0%
Kona	98	49,0%
Fæðingarár		
Fædd 1990 eða síðar	37	18,5%
Fædd 1980 til 1989	59	29,5%
Fædd 1970 til 1979	54	27,0%
Fædd 1969 eða fyrr	50	25,0%
Menntun		
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	79	39,3%
Háskólamenntun	122	60,7%
Búseta		
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	144	71,6%
Nærsveitir Akureyrarbæjar	57	28,4%
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins		
Vesturland	42	29,6%
Suðurnes	63	44,4%
Suðurland	37	26,1%
Nærsveitir Akureyrarbæjar		
Dalvík og Hrísey	11	21,2%
Eyjarfjarðarsveit	23	44,2%
Grýtubakka- og Svalbarðsstrandarhreppur	9	17,3%
Hörgársveit	9	17,3%

Aðeins fleiri svör bárust frá körlum en konum, eða 102 í samanburði við 98 Sem fyrr segir barst eitt svar frá kvári, en ákveðið var að nota einungis svörin karl og kona sem bakgrunnsbreytur fyrir kyn til að tryggja að svör væru ekki persónurekjanleg.

Nokkuð breiður aldurshópur tók þátt í könnuninni, flest svör bárust frá fólki sem var fætt á árunum 1980-1989 eða 59.

Fleiri þátttakendur voru með háskólamenntun en grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun, 122, í samanburði við 79.

Íbúar svöruðu hvort þeir byggju á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins eða í nærsvæitum Akureyrar og voru svo í kjölfarið spurðir um búsetu eftir sveitarfélögum. Íbúum jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins var skipt upp eftir landssvæðum, s.s. Vesturlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi. Flestir svarendur þar voru frá Suðurnesjum eða 63. Íbúum nærsvæita Akureyrarbæjar var skipt upp eftir búsetu eftir bæjarfélögum og flestir sem svöruðu bjuggu í Eyjafjarðarsveit, eða 23. Vegna fárra svara var svörum frá Dalvík og Hrísey skeytt saman.

4.2 Vinnusókn fyrir og eftir Covid

4.2.1 Sækir þú vinnu út fyrir þéttbýlið þar sem þú býrð (eða út fyrir sveitabæ)?

Alls svöruðu 208 þátttakendur þessari spurningu. Flestir sóttu vinnu á höfuðborgarsvæðið eða 70% en 26% sóttu vinnu á Akureyri. Fáir, eða 4% sóttu vinnu utan heimabyggðar en hvorki á höfuðborgarsvæðið né Akureyri, ákveðið var að taka út þau svör þar sem rannsóknin snerist um vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar.

Eins og má sjá í töflu 2, þegar spurningin er skoðuð eftir bakgrunnsbreytum, sækir hærra hlutfall kvenna vinnu á Akureyri en hærra hlutfall karla sækir vinnu á höfuðborgarsvæðið.

Tafla 2. Sækir þú vinnu út fyrir þéttbýlið þar sem þú býrð (eða út fyrir sveitabæ)?

	Sæki vinnu á höfuðborgarsvæðið	Sæki vinnu á Akureyri	Sæki vinnu utan heimabyggðar (annars staðar)	Fjöldi
Heildarfjöldi	70%	26%	4%	208
Kyn				
Karl	77%	21%	2%	104
Kona	62%	32%	6%	103
Fæðingarár				
Fædd 1990 eða síðar	69%	26%	5%	39
Fædd 1980 til 1989	66%	31%	3%	61
Fædd 1970 til 1979	63%	32%	5%	56
Fædd 1969 eða fyrr	82%	16%	2%	51
Menntun				
Grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun	71%	24%	5%	82
Háskólamenntun	69%	28%	3%	126

4.2.2 Hversu oft í viku (að jafnaði) sækir þú vinnuna utan heimabyggðar?

Flestir þátttakendur sóttu vinnu utan heimabyggðar að jafnaði 5 sinnum í viku eða oftar, eða 58%. Næst algengast var 4 sinnum í viku eða 24% og sóttu 13% þátttakenda vinnu utan heimabyggðar 2-3 sinnum í viku. Einungis 5% sóttu vinnu utan heimabyggðar einu sinni í viku eða sjaldnar.

Það vekur þó athygli hve mikill kynjamunur er í svörum. Konur eru mun ólíklegri til að sækja vinnu fimm sinnum í viku eða oftar utan heimabyggðar, 45% þeirra gera það í samanburði við 71% karla. Þá eru konur einnig umtalsvert líklegri til að vinna heima hálfra vikuna og sækja vinnu utan heimabyggðar 2-3 sinnum í viku eða 20% kvenna samanborið við 7% karla. Spurt var um vinnufyrirkomulag til að sjá hvort þetta gæti skýrst af hlutastörfum en aðeins 18 svör voru frá fólki í hlutastörfum og því ljóst að vinnusókn kvenna er öðruvísi en karla þrátt fyrir að þær séu í fullu starfi.

Ef við skoðum svörin við þessari spurningu eftir bakgrunnsbreytum má sjá að munur er milli íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins annars vegar og nærsveita Akureyrar hins vegar. Helmingur svarenda eða 53% svarenda sem búa á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins og sækja vinnu til höfuðborgarinnar gera það fimm sinnum í viku eða oftar, í samanburði við 70% íbúa nærsveita Akureyrar sem sækja vinnu til Akureyrar. Leiða má líkur að því að þarna spili vegalengd frá vinnustað að einhverju leyti inn í vinnusókn þar sem nærsveitir Akureyrar, sem voru með í menginu, eru allar í hálf tíma fjarlægð eða minna frá Akureyri en lengra er að keyra frá Suðurnesjum, Vesturlandi (t.d. Akranesi og Hvalfjarðarsveit) og Suðurlandi (t.d. Selfossi og Hveragerði) til höfuðborgarsvæðisins. Einnig, eins og verður komið inn á síðar í þessari skýrslu, eru ekki erfið akstursskilyrði á leiðinni frá þeim nærsveitum Akureyrar sem með voru í menginu til vinnu (t.d. ekki heiði sem gæti lokast).

Ef við skoðum svörin á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins eftir landshlutum sérstaklega sést að íbúar á Suðurlandi eru mun ólíklegri til að sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins 5 sinnum í viku eða oftar en íbúar í öðrum landshlutum. Einungis 35% gera það í samanburði við 62% á Vesturlandi. Fjallað er um það síðar í skýrslunni að spurt var um hvað aftraði fólki að sækja vinnu utan heimabyggðar og þar nefndu margir íbúar á Suðurlandi lokun Hellisheiðar. Því má leiða líkur að því að það gæti haft áhrif á vinnusókn. Enginn munur er á íbúum nærsveita Akureyrar, sem búa á svæðinu í kringum Akureyri annars vegar og á Dalvík eða Hrísey hins vegar, varðandi þá sem sækja vinnu utan heimabyggðar fimm sinnum í viku eða oftar. Hins vegar sækir mun hærra hlutfall íbúa Dalvíkur og Hríseyjar en þeirra sveitarfélaga sem eru nær Akureyri vinnu 2-3 sinnum í viku inn á Akureyri eða 9% í samanburði við 2%. Vert er þó að minnast á að fá svör liggja að baki hverjum spurningalið meðal íbúa Dalvíkur.

Háskólamenntaðir virðast stunda meiri heimavinnu en þeir sem hafa grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun, einungis 50% háskólamenntaðra sem sækja vinnu utan heimabyggðar gera

Það 5 sinnum eða oftar í samanburði við 70% grunnskóla- eða framhaldsskólamenntaðra. Þá vinnur þriðjungur þeirra sem er með háskólamenntun í heimabyggð einu sinni í viku, í samanburði við 10% þeirra sem hafa grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun. En nánar má skoða svör eftir bakgrunni hér í töflu 3 að neðan.

Tafla 3. Hversu oft sækir þú vinnu utan heimabyggðar?

	1 sinni í viku eða sjaldnar	2-3 sinnum í viku	4 sinnum í viku	5 sinnum í viku eða oftar	Fjöldi
Heildarfjöldi	5%	13%	24%	58%	201
Kyn					
Karl	5%	7%	18%	71%	102
Kona	5%	19%	31%	45%	98
Fæðingarár					
Fædd 1990 eða síðar	3%	8%	30%	60%	37
Fædd 1980 til 1989	7%	10%	19%	64%	59
Fædd 1970 til 1979	4%	17%	20%	59%	54
Fædd 1969 eða fyrr	4%	16%	32%	48%	50
Menntun					
Grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun	6%	14%	10%	70%	79
Háskólamenntun	4%	12%	34%	50%	122
Búseta					
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	4%	17%	26%	53%	144
Nærsveitir Akureyrarbæjar	7%	4%	19%	70%	57
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins					
Vesturland	0%	17%	21%	62%	42
Suðurnes	5%	14%	22%	59%	63
Suðurland	8%	16%	41%	35%	37
Nærsveitir Akureyrarbæjar					
Nærsveitir Akureyrar	5%	2%	20%	73%	41
Dalvík og Hrísey	9%	9%	9%	73%	11
Vinna					
Full vinna	5%	12%	22%	61%	183
Hlutastarf	6%	28%	44%	22%	18

4.2.3 Sóttir þú vinnu utan heimabyggðar áður en Covid-19 faraldurinn skall á?

Flestir þátttakendur sóttu vinnu utan heimabyggðar áður en Covid-19 faraldurinn skall á eða 73%.

Tafla 4. Sóttir þú vinnu utan heimabyggðar áður en Covid-19 faraldurinn skall á?

	Já	Nei	Fjöldi
Heildarfjöldi	73%	27%	200
Kyn			
Karl	81%	19%	102
Kona	64%	36%	97
Fæðingarár			
Fædd 1990 eða síðar	54%	46%	37
Fædd 1980 til 1989	63%	37%	59
Fædd 1970 til 1979	83%	17%	54
Fædd 1969 eða fyrr	88%	12%	49
Menntun			
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	71%	29%	79
Háskólamenntun	74%	26%	121
Búseta			
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	72%	28%	143
Nærsveitir Akureyrarbæjar	75%	25%	57
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins			
Vesturland	69%	31%	42
Suðurnes	73%	27%	63
Suðurland	72%	28%	36
Nærsveitir Akureyrarbæjar			
Nærsveitir Akureyrar	85%	15%	41
Dalvík og Hrísey	36%	64%	11

4.2.4 Hversu oft í viku (að jafnaði) sóttir þú vinnu utan heimabyggðar áður en Covid-19 faraldurinn skall á?

Þeir sem sóttu vinnu utan heimabyggðar áður en Covid faraldurinn skall á voru spurðir um vinnusókn fyrir og eftir Covid. Algengast var fyrir og eftir faraldurinn að sækja vinnu utan heimabyggðar að jafnaði 5 sinnum í viku eða oftar. Hins vegar svöruðu 70% að þeir höfðu gert það fyrir Covid, í samanburði við 58% eftir Covid.

Líkt og með spurninguna að ofan sóttu næstflestir vinnu utan heimabyggðar 4 sinnum í viku, eða 16% og 6% sóttu vinnu utan heimabyggðar 2-3 sinnum í viku fyrir Covid. Hins vegar sóttu fleiri vinnu einu sinni í viku eða sjaldnar fyrir Covid en eftir eða 8%, í samanburði við 5%.

Ef við skoðum svörin við þessum spurningum eftir bakgrunnsbreytum má sjá að mikinn kynjamun er að finna, 65% kvenna sóttu vinnu utan heimabyggðar 5 sinnum í viku eða oftar fyrir Covid en 45% eftir Covid. Hins vegar er breytingin einungis 4 prósent hjá körlum, úr 75% í 71%. Þá sóttu 8% kvenna

vinnu utan heimabyggðar 2-3 sinnum í viku fyrir Covid en 19% eftir Covid. Fyrri rannsóknir á vinnusókn íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins, meðal annars rannsóknir Þórodds Bjarnasonar og Vífils Karlssonar (2022), hafa sýnt að konur voru í lægra hlutfalli þeirra á vinnumarkaði sem sóttu vinnu til höfuðborgarsvæðisins fyrir Covid en niðurstöður þessar könnunar sýna að þær sem gerðu það voru þó líklegri en karlar til að vinna heima (í heimabyggð) oftar í viku en karlar.

Munur er einnig milli íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins annars vegar og nærsveita Akureyrar hins vegar. Stærri hluti íbúa nærsveita Akureyrarbæjar sótti vinnu utan heimabyggðar fimm sinnum í viku en íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins, eða 74% í samanburði við 68%. Það sést meiri breyting á daglegri vinnusókn hjá íbúum jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins en hún var 68% fyrir Covid en 52,8% eftir Covid, í samanburði við breytingu úr 74% í 70% hjá íbúum nærsveita Akureyrar.

Ef við skoðum svörin eftir búsetusvæði sérstaklega, sést að mesta breytingin er á Suðurlandi þar sem 69% sögðust hafa sótt vinnu utan heimabyggðar fimm daga vikunnar eða oftar fyrir Covid en einungis 35% eftir. Breyting hefur einnig orðið hjá íbúum annarra landshluta en ekki jafn mikil, á Vesturlandi er breytingin úr 72% í 62% og á Suðurnesjum er hún úr 67% í 59%. Helligheiðin hefur verið óvenjumikið lokuð síðustu misseri, en komið er inn á vegalokanir síðar í þessari skýrslu, og gæti það hafa haft áhrif á vinnusókn yfir heiðina. Gríðarleg fjölgun hefur orðið meðal þeirra sem vinna heima einn dag í viku á Suðurlandi en fyrir Covid sögðust 15% sækja vinnu utan heimabyggðar 4 sinnum í viku, en eftir Covid segjast 41% gera það. Þannig er orðið algengara eftir Covid að íbúar Suðurlands sem sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins fari fjórum sinnum í viku en fimm sinnum í viku eða oftar til að sækja vinnu. Ekki hefur orðið jafn mikil breyting á öðrum svæðum. Hlutfall íbúa Suðurlands sem sækja vinnu utan heimabyggðar 2-3 sinnum í viku hefur rúmlega fjórfaldast úr 4% í 16%. Velta má vöngum fyrir því hvort stytting vinnuvikunnar spili þarna eitthvert hlutverk en sú breyting á vinnufyrirkomulagi hefur færst í aukana eftir að Covid skall á, til dæmis tók styttingin hjá BRSB gildi 1. janúar 2021 (BSRB, e.d.). Þá getur verið að fólk biðji til dæmis um að vinna heima þann dag sem það nýtir sér styttingu. Þátttakendur nefndu þó ekki sérstaklega styttingu vinnuvikunnar í opnum svörum þar sem þeir voru beðnir um að útskýra nánar breytingu á vinnusókn.

Ef við skoðum niðurstöður eftir menntun sést að einhver munur var á vinnusókn þátttakenda eftir menntun fyrir Covid en þá sóttu 67% háskólamenntaðra vinnu utan heimabyggðar 5 sinnum í viku í samanburði við 75% þátttakenda með grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun. Eftir Covid hefur bilið hins vegar breikkað í 50% hjá háskólamenntuðum í samanburði við 70% hjá þeim með grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun. Hlutfall háskólamenntaðra sem sækir vinnu utan heimabyggðar 4 sinnum í viku tvöfaldaðist tæplega úr 17% í 34%, en hlutfall þeirra með grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun dróst saman úr 14% í 10% (skoða má þetta nánar í töflum 4 og 5).

Tafla 5. Hversu oft í viku (að jafnaði) sóttir þú vinnu utan heimabyggðar áður en Covid-19 faraldurinn skall á?

	1 sinni í viku eða sjaldnar	2-3 sinnum í viku	4 sinnum í viku	5 sinnum í viku eða oftar	Fjöldi
Heildarfjöldi	8%	6%	16%	70%	146
Kyn					
Karl	10%	5%	11%	75%	83
Kona	7%	8%	21%	65%	62
Fæðingarár					
Fædd 1990 eða síðar	5%	5%	5%	85%	20
Fædd 1980 til 1989	5%	8%	11%	76%	37
Fædd 1970 til 1979	9%	7%	16%	69%	45
Fædd 1969 eða fyrr	12%	2%	26%	61%	43
Menntun					
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	9%	2%	14%	75%	56
Háskólamenntun	8%	9%	17%	67%	90
Búseta					
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	6%	8%	18%	68%	103
Nærsveitir Akureyrarbæjar	14%	2%	9%	74%	43
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins					
Vesturland	3%	7%	17%	72%	29
Suðurnes	4%	9%	20%	67%	46
Suðurland	12%	4%	15%	69%	26
Vinna					
Full vinna	8%	5%	14,3%	72%	133
Hlutastarf	8%	15%	31%	46%	13

4.2.5 Hefur orðið breyting á vinnusókn þinni í kjölfar Covid-19 faraldursins?

Flestir þátttakendur sögðu að ekki hefði orðið breyting á vinnusókn sinni í kjölfar Covid-19 faraldursins eða 71%. Hins vegar hafði orðið breyting hjá 29% þátttakenda.

Kynjamun er að finna í svörum en 36% kvenna segja breytingu hafa orðið á vinnusókn sinni í samanburði við 24% karla.

Ef við skoðum svörin við þessum spurningum eftir bakgrunnsbreytum má sjá að munur er milli íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins annars vegar og nærsveita Akureyrar hins vegar, 31% íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins segja breytingu hafa orðið í vinnusókn sinni í samanburði við 23% íbúa nærsveita Akureyrarbæjar.

Ef við skoðum svörin eftir landssvæðum sérstaklega sést að 38% íbúa Suðurlands segja breytingu hafa orðið á vinnusókn sinni í samanburði við 21% íbúa Vesturlands og 31% íbúa Suðurnesja. Of fá svör voru frá Dalvík og Hrísey til að hægt væri að skoða mun eftir íbúasvæðum nærsveita Akureyrar.

Ef við skoðum niðurstöður eftir menntun segja 33% þátttakenda með háskólamenntun breytingu hafa orðið á vinnusókn sinni í samanburði við 23% þátttakenda með grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun.

Tafla 6. Hefur orðið breyting á vinnusókn þinni í kjölfar Covid-19 faraldursins?

	Já	Nei	Fjöldi
Heildarfjöldi	29%	71%	145
Kyn			
Karl	24%	76%	82
Kona	36%	65%	62
Fæðingarár			
Fædd 1990 eða síðar	35%	65%	20
Fædd 1980 til 1989	28%	72%	36
Fædd 1970 til 1979	27%	73%	45
Fædd 1969 eða fyrr	28%	72%	43
Menntun			
Grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun	23%	77%	56
Háskólamenntun	33%	67%	89
Búseta			
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	31%	69%	102
Nærsveitir Akureyrarbæjar	23%	77%	43
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins			
Vesturland	21%	79%	29
Suðurnes	31%	69%	45
Suðurland	39%	62%	26

Beðnir um að útskýra nánar sögðu fjölmargir þátttakendur að þeir væru í meiri fjarvinnu nú en fyrir Covid. Sumir nefndu að þeir ynnu oftast heima á meðan aðrir nefndu að þeir væru með samkomulag um að vinna heima einn dag í viku og þegar þörf/veður krefði. Sumir sögðu að þetta hefði ekki verið í boði áður. Dæmi voru um fjarvinnusamninga. Aðrir sögðust vera nánast alfarið farnir að vinna að heiman, nema þeir þyrftu að fara á fundi sem ekki væri hægt að taka í gegnum fjarfundabúnað. Svo virðist sem að viðhorfsbreyting hafi orðið eftir Covid (eins og spurt var um í könnuninni). Einn þátttakandi benti á að ekki væri litið niður á það eða menn stimplaðir latir fyrir að vilja vinna heima. Annar benti á að fjarvinna og fundir væru orðin viðurkennd í vinnustaðamenningunni. Annar benti á að sem foreldri græddi viðkomandi 1,5 til 2 klukkutíma á dag á því að stunda fjarvinnu auk þess að

draga úr kolefnisfótspori sínu. Sumir þátttakendur skiptu um vinnu sem skýrði breytingu á vinnusókn þeirra.

4.2.6 Hefur þú möguleika á að vinna þína vinnu heima/í heimabyggð?

Margir þátttakendur sögðust hafa möguleika á vinna sína vinnu heima/í heimabyggð í einstaka tilfellum eða 33% en 37% sögðu að þeir hefðu ekki möguleika á því að vinna vinnu sína heima. 15% sögðust geta unnið vinnu sína heima minnihluta vikunnar, 9% sögðust geta unnið vinnu sína heima meirihluta vikunnar, 7% sögðust nánast alltaf geta unnið vinnu sína heima.

Ef við skoðum svörin við þessum spurningum eftir bakgrunnsbreytum má sjá að munur er milli íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins og nærsvæða Akureyrar. Rétt tæplega helmingur íbúa nærsvæða Akureyrar eða 49% sögðust ekki geta stundað vinnu sína heima/í heimabyggð, í samanburði við 32% íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins. Einnig sögðust 8% íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins geta stundað vinnu sína heima nánast alltaf, í samanburði við 2% íbúa nærsvæða Akureyrar.

Talsverður munur er einnig á svörum eftir bæjarfélögum, til dæmis sögðust 30% íbúa Suðurlands geta unnið vinnu sína heima meirihluta vikunnar eða nánast alltaf í samanburði við 11% íbúa Suðurnesja og 14% íbúa Vesturlands. Ef við skoðum nærsvæðir Akureyrar sagðist enginn íbúi Dalvíkur og Hríseyjar geta unnið vinnu sína heima meirihluta vikunnar eða nánast alltaf, í samanburði við 10% íbúa annarra nærliggjandi svæða. Hér liggja þó mjög fá svör að baki hvers valmöguleika og því ekki hægt að draga of miklar ályktanir út frá þessu.

Ef við skoðum svör eftir kyni virðast karlar almennt hafa meiri möguleika á að vinna vinnu sína heima, 33% karla geta ekki unnið vinnu sína heima í samanburði við 41% kvenna. Konur eru líklegri en karlar til að geta unnið vinnu sína heima minnihluta vikunnar, eða 17% í samanburði við 13% karla.

Tafla 7. Hefur þú möguleika á að vinna þína vinnu heima/ í heimabyggð?

	Nei	Já í einstaka tilfellum	Já minnihluta vikunnar	Já meirihluta vikunnar	Já nánast alltaf	Fjöldi
Heildarfjöldi	37%	33%	15%	9%	7%	201
Kyn						
Karl	33%	38%	13%	9%	7%	102
Kona	41%	28%	17%	8%	6%	98
Fæðingarár						
Fædd 1990 eða síðar	54%	30%	8%	5%	3%	37
Fædd 1980 til 1989	37%	36%	12%	7%	9%	59
Fædd 1970 til 1979	28%	33%	20%	13%	6%	54
Fædd 1969 eða fyrr	34%	34%	18%	8%	6%	50
Menntun						
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	49%	33%	4%	8%	6%	79
Háskólamenntun	29%	34%	22%	9%	7%	122
Búseta						
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	32%	33%	17%	10%	8%	144
Nærsveitir Akureyrarbæjar	49%	35%	9%	5%	2%	57
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins						
Vesturland	26%	41%	19%	10%	5%	42
Suðurnes	38%	32%	19%	3%	8%	63
Suðurland	30%	27%	14%	19%	11%	37
Nærsveitir Akureyrarbæjar						
Nærsveitir Akureyrar	54%	29%	7%	7,3%	2%	41
Dalvík og Hrísey	46%	55%	0%	0%	0%	11

Áhugavert er að skoða sérstaklega svör þátttakenda frá Akranesi, Selfossi og Hveragerði en eins og kom fram ofar í skýrslunni leiddi rannsókn ViaPlan frá 2018 í ljós að milli 60 og 70% þátttakenda frá þessu svæði höfðu ekki möguleika á að vinna heima. Í þessari rannsókn sögðu hins vegar 23% þátttakenda frá Akranesi, 28% frá Selfossi, og 39% frá Hveragerði að þeir hefðu ekki möguleika á að vinna sína vinnu heima. Úrtakið er ekki mjög stórt í þessari könnun en þetta gefur þó vísbendingu um að breyting hafi orðið á viðhorfi gagnvart fjarvinnu hjá þeim íbúum jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins sem sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 8. Hefur þú möguleika á að vinna þína vinnu heima/ í heimabyggð?

	Nei	Já í einstaka tilfellum	Já minnihluta vikunnar	Já meirihluta vikunnar	Já nánast alltaf	Fjöldi
Akranes	23%	43%	20%	10%	3%	30
Árborg (Selfoss)	28%	33%	11%	11%	17%	18
Hveragerði	39%	7,7%	23%	31%	0%	13

4.2.7 Hefur orðið breyting á fjölda ferða þinna til og frá höfuðborgarsvæðinu eftir faraldurinn?

Þátttakendur sem bjuggu á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins voru spurðir almennt um breytingu á fjölda ferða sinna til og frá höfuðborgarsvæðinu eftir faraldurinn. Flestir þátttakendur höfðu ekki breytt fjölda ferða til og frá höfuðborgarsvæðinu eftir faraldurinn, eða 51% svarenda, hins vegar sögðust 28% þátttakenda fara sjaldnar, og 21% oftar.

Ef við skoðum svörin við þessum spurningum eftir bakgrunnsbreytum má sjá að breyting var líklegri hjá körlum en konum, 57% karla sögðu að ekki hefði orðið breyting, í samanburði við 43% kvenna. Þá sögðust 36% kvenna fara sjaldnar, í samanburði við 22% karla. Einnig voru meðlimir elsta hópsins, fæddir 1969 eða fyrr ólíklegri til að hafa breytt fjölda ferða (61 sögðu nei) en yngsti hópurinn en 42% þeirra sögðust ekki hafa breytt fjölda ferða. Þá var einnig munur milli landshluta, 41% íbúa Suðurlands sögðust fara sjaldnar til og frá höfuðborgarsvæðinu eftir Covid, í samanburði við 19% íbúa Vesturlands.

Tafla 9. Hefur orðið breyting á fjölda ferða þinna til og frá höfuðborgarsvæðinu eftir faraldurinn?

	Já ég fer sjaldnar	Já ég fer oftár	Nei	Fjöldi
Heildarfjöldi	28%	21%	51%	136
Kyn				
Karl	22%	22%	57%	74
Kona	36%	21%	43%	61
Fæðingarár				
Fædd 1990 eða síðar	17%	39%	44%	23
Fædd 1980 til 1989	33%	25%	43%	40
Fædd 1970 til 1979	27%	18%	56%	34
Fædd 1969 eða fyrr	29%	11%	61%	38
Menntun				
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	22%	20%	58%	55
Háskólamenntun	32%	22%	46%	81
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins				
Vesturland	19%	19%	62%	42
Suðurnes	28%	26%	47%	58
Suðurland	41%	15%	44%	34

4.2.8 Hefur orðið breyting á fjölda ferða þinna til og frá Akureyri eftir faraldurinn?

Íbúar nærsveita Akureyrarbæjar voru spurðir almennt um breytingu á fjölda ferða sinna til og frá Akureyri. Afgerandi munur er á íbúum nærsveita Akureyrarbæjar og jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins hvað þetta varðar en 77% íbúa nærsveita Akureyrarbæjar sögðu að ekki hefði orðið breyting á fjölda ferða sinna til og frá Akureyri eftir faraldurinn, í samanburði við 51% íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins. Einnig má marka mun eftir menntun.

Tafla 10. Hefur orðið breyting á fjölda ferða þinna til og frá Akureyri eftir faraldurinn?

	Já ég fer sjaldnar	Já ég fer oft	Nei	Fjöldi
Heildarfjöldi	7%	16%	77%	56
Kyn				
Karl	9%	17%	74%	23
Kona	6%	15%	79%	33
Fæðingarár				
Fædd 1990 eða síðar	0%	56%	44%	9
Fædd 1980 til 1989	0%	0%	100%	19
Fædd 1970 til 1979	16%	11%	74%	19
Fædd 1969 eða fyrr	11%	22%	67%	9
Menntun				
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	10%	24%	67%	21
Háskólamenntun	6%	11%	83%	35
Nærsveitir Akureyrarbæjar				
Nærsveitir Akureyrarbæjar	10%	13%	78%	40
Dalvík og Hrísey	0%	36%	64%	11

4.2.9 Finnst þér munur á viðhorfi gagnvart fjarvinnu eftir Covid-19?

Langstærsti hluti þátttakenda sagðist finnast viðhorf gagnvart fjarvinnu eftir Covid-19 jákvæðara, eða 73%. 2% sögðust finnast viðhorfið neikvæðara og 26% sögðust ekki finna neinn mun.

Ef við skoðum svörin við þessum spurningum eftir bakgrunnsbreytum má sjá að konur eru líklegri til að finnast viðhorfið jákvæðara en 81% kvenna segja það í samanburði við 66% karla. Þá er aldurshópurinn fæddur 1980 til 1989 líklegastur til að telja viðhorfið jákvæðara, 81% í samanburði við 65% fæddra 1990 eða síðar. Munur virðist einnig vera milli menntunar, 60% þeirra sem hafa grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun telja viðhorfið jákvæðara, í samanburði við 81% háskólamenntaðra. Íbúar Dalvíkur, Hríseyjar og Suðurlands eru líklegastir til að finnast viðhorfið jákvæðara. Íbúar Suðurlands eru þannig talsvert líklegri en íbúar Vesturlands til að finnast munur á viðhorfinu, 84% í samanburði við 62%.

Tafla 11. Finnst þér munur á viðhorfi gagnvart fjarvinnu eftir Covid-19?

	Já mér finnst viðhorfið jákvæðara	Já mér finnst viðhorfið neikvæðara	Nei mér finnst enginn munur	Fjöldi
Heildarfjöldi	73%	2%	26%	201
Kyn				
Karl	66%	2%	32%	102
Kona	81%	1%	18%	98
Fæðingarár				
Fædd 1990 eða síðar	65%	0%	35%	37
Fædd 1980 til 1989	81%	3%	15%	59
Fædd 1970 til 1979	72%	2%	26%	54
Fædd 1969 eða fyrr	68%	0%	32%	50
Menntun				
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	60%	1%	39%	79
Háskólamenntun	81%	2%	17%	122
Búseta				
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	71%	1%	28%	144
Nærsveitir Akureyrarbæjar	77%	2%	21%	57
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins				
Vesturland	62%	2%	36%	42
Suðurnes	70%	2%	29%	63
Suðurland	84%	0%	16%	37
Nærsveitir Akureyrarbæjar				
Nærsveitir Akureyrar	78%	2%	20%	41
Dalvík og Hrísey	82%	0%	18%	11

4.3 Ástand vega

4.3.1 Hversu gott eða slæmt þykir þér ástand vega til að sækja vinnu utan heimabyggðar?

43% þátttakenda töldu ástand vega gott eða mjög gott, 25% slæmt eða mjög slæmt en 33% töldu það hvorki gott né slæmt.

Ef við skoðum svörin við þessum spurningum eftir bakgrunnsbreytum má sjá mun eftir búsetusvæði. 32% íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins segja ástand vega gott eða mjög gott, í samanburði við 60% íbúa nærsveita Akureyrarbæjar. Þá telja 7% íbúa nærsveita Akureyrarbæjar ástand vega slæmt eða mjög slæmt, í samanburði við 32% íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins. Íbúar á Vesturlandi eru neikvæðastir en tæplega helmingur þeirra eða 46% telur ástand vega slæmt eða mjög slæmt og einungis 20% telja ástandið gott. Íbúar Dalvíkur og Hríseyjar eru heldur jákvæðari gagnvart vegunum

heldur en aðrir íbúar nærsveita Akureyrar en vert er að benda á að fá svör standa að baki hverjum svarmöguleika frá íbúum Dalvíkur og Hríseyjar.

Svo virðist sem munur sé á viðhorfi eftir aldri en 22% einstaklinga fæddra 1990 eða síðar segja ástand vega slæmt eða mjög slæmt og 14% þátttakenda fæddra milli 1980 og 1989. Ef við skoðum hins vegar elsta hópinn fæddan 1969 eða fyrr segja 40% ástand vega slæmt eða mjög slæmt.

Tafla 12. Hversu gott eða slæmt þykir þér ástand vega til að sækja vinnu utan heimabyggðar?

	Mjög slæmt	Slæmt	Hvorki gott né slæmt	Gott	Mjög gott	Fjöldi
Heildarfjöldi	6%	19%	33%	30%	13%	200
Kyn						
Karl	7%	24%	31%	28%	10%	102
Kona	4%	14%	35%	30%	17%	97
Fæðingarár						
Fædd 1990 eða síðar	8%	14%	44%	28%	6%	36
Fædd 1980 til 1989	2%	12%	36%	36%	15%	59
Fædd 1970 til 1979	2%	22%	33%	30%	13%	54
Fædd 1969 eða fyrr	12%	28%	22%	24%	14%	50
Menntun						
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	6%	24%	38%	27%	5%	79
Háskólamenntun	5%	16%	30%	31%	18%	121
Búseta						
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	7%	25%	33%	27%	8%	143
Nærsveitir Akureyrarbæjar	2%	5%	33%	35%	25%	57
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins						
Vesturland	10%	37%	34%	17%	2%	41
Suðurnes	5%	21%	37%	25%	13%	63
Suðurland	8%	19%	22%	43%	8%	37
Nærsveitir Akureyrarbæjar						
Nærsveitir Akureyrar	2%	7%	34%	32%	24%	41
Dalvík og Hrísey	0%	0%	36%	46%	18%	11

Þegar þátttakendur voru beðnir um að útskýra nánar hversu gott eða slæmt þeim þætti ástand vega til að sækja vinnu utan heimabyggðar tengdust flestar athugasemdir því að vegir væru illa farnir; skemmdir eftir nagladekk; holóttir; mikið væri um hjólför á vegunum sem rigning settist í og ylli hættu; malbik væri brotið; slitlag væri lélegt. Einnig væri skortur á lýsingu og vegir of mjóir. Ástand Grindavíkurveggar og Reykjanesbrautar og Vesturlandsveggar var sérstaklega nefnt. Nýr vegur í Ölfusi var aftur á móti sagður mikil framför. Einnig nefndu nokkrir þátttakendur að umferð væri of hæg, mikil umferð væri á Kjalarnesi og að lélegt slitlag og gatnakerfi bæri ekki umferðina. Fjöldi hringtorga

var gagnrýndur. Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar á Hellisheiði var sögð það slæm að erfitt væri að treysta á samgöngur frá desember til apríl.

4.3.2 Hvað telur þú hafa mest áhrif á möguleika þína til að sækja vinnu um lengri leið? (Veldu að hámarki 3 kosti)

Algengasta svarið við þessari spurningu var veðurfar (t.d. lokun á heiði), enda sækja t.d. þeir sem búa á Selfossi og Hveragerði vinnu yfir heiði. 66% þátttakenda völdu þennan kost af þremur kostum í boði. Næst algengast var að velja kostnað (t.d. vegna bensíns/strætóferða) en 49% völdu það. Þriðji algengasti kosturinn var umferð sem 37% völdu en þjónusta við vegi fylgdi þar fast á eftir (35% völdu það). Fæstir völdu náttúruvá eða einungis 4%.

Ef við skoðum svörin við þessari spurningu eftir bakgrunnsbreytum má sjá að þau eru breytileg eftir landshlutum, t.d. völdu 92% íbúa Suðurlands veðurfar í samanburði við 53% íbúa Suðurnesja. Veðurfar var einnig algengasta svarið hjá íbúum Vesturlands eða 68%. Þjónusta á vegum var líka valin af mun fleirum á Suðurlandi, eða 49% í samanburði við 28% á Vesturlandi. Íbúar Suðurnesja skera sig líka út hvað varðar umferð en 53% íbúa völdu þann valmöguleika, í samanburði við 30% á Suðurlandi. Þá völdu 20% íbúa Vesturlands hættulegan veg í samanburði við einungis 5% sem völdu það á Suðurlandi.

Í Dalvík og Hrísey völdu 89% veðurfar og 46% þjónustu á vegum og kostnað. Algengast var að velja kostnað hjá íbúum annarra nærsveita Akureyrar en það gerðu 54%.

Tafla 13. Hvað telur þú hafa mest áhrif á möguleika þína til að sækja vinnu um lengri leið? (Veldu að hámarki 3 kosti).

	Hættulegur vegur	Þjónusta á vegum	Umferð	Almennings samgöngur	Lélegir innviðir fyrir rafbíla	Veðurfar	Kostnaður	Hætta af öðrum vegfarendum	Náttúruvá
Heildarfjöldi	13%	35%	37%	21%	11%	66%	49%	19%	4%
Kyn									
Karl	10%	39%	43%	21%	17%	63%	40%	20%	5%
Kona	16%	31%	30%	22%	5%	68%	60%	17%	2%
Fæðingarár									
Fædd 1990 eða síðar	14%	31%	34%	26%	9%	80%	51%	11%	6%
Fædd 1980 til 1989	14%	25%	40%	14%	5%	61%	56%	23%	4%
Fædd 1970 til 1979	19%	42%	37%	27%	17%	64%	48%	14%	2%
Fædd 1969 eða fyrr	4%	44%	34%	18%	14%	64%	40%	24%	4%
Menntun									
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	13%	37%	36%	21%	6%	72%	37%	23%	4%
Háskólamenntun	13%	34%	38%	21%	15%	62%	57%	15%	3%
Búseta									
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	11%	34%	42%	22%	13%	68%	48%	21%	4%
Nærsveitir Akureyrarbæjar	17%	39%	24%	19%	7%	59%	54%	13%	4%
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins									
Vesturland	20%	28%	35%	25%	15%	68%	45%	25%	0%
Suðurnes	10%	31%	53%	26%	11%	53%	48%	19%	5%
Suðurland	5%	49%	30%	11%	14%	92%	51%	14%	5%
Nærsveitir Akureyrarbæjar									
Nærsveitir Akureyrar	15%	33%	28%	21%	10%	51%	54%	18%	5%
Dalvík og Hrísey	27%	46%	18%	18%	0%	82%	46%	0%	0%

Þegar þátttakendur voru beðnir um að útskýra nánar af hverju þeir völdu þessa kosti sem mestu hindrunina nefndu flestir í athugasemdum almenningssamgöngur, umferð, bensínkostnað og ástand vega, sem og þjónustu vega (sérstaklega á veturna).

Almenningssamgöngur frá jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins til höfuðborgarsvæðisins virðast ekki vera að virka sem skyldi. Bent var á að tíminn til að sækja vinnu geti tvöfaldast í almenningssamgöngum til samanburðar við að vera á einkabíl og að kostnaðurinn sé hár og mjög svipaður því að vera á einkabíl. Einnig vanti víða almenningssamgöngur. Tímatafla henti ekki vinnandi fólki. Frá nærsveitum Akureyrar bentu þátttakendur sem nýta ferju til að sækja vinnu á að stundum sigli hún ekki vegna bilunar og að hún fari heldur ekki ef vegurinn niður að bryggju sé lokaður.

Bent var á að umferð geti verið mikil frá jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins til höfuðborgarinnar og að einnig séu víða umferðartafir. Mikill tími fari í ferðir vegna umferðar, sérstaklega sé umferðarþunginn letjandi þegar ekið er um borgina á álagstímum. Einnig var bent á að umferð ferðamanna sé mikil bæði á Reykjanesbraut og á Kjalarnesi. Íslendingar og erlent ferðafólk keyri mjög misjafnlega hratt og því geti fólk á leið til vinnu fests fyrir aftan bíl á 60 km hraða sem erfitt sé að taka fram úr.

Bensínkostnaður var mikið gagnrýndur. Athyglisvert er hve margir bentu á efnahagslegan kost þess að vinna heima og þurfa ekki að greiða fyrir bensín eða almenningssamgöngur. Jafnframt benti einn þátttakandi á að kostnaður þurfi að vera innan þeirra marka að það borgi sig að sækja starfið þegar allt sé talið. Einn þátttakandi tók þá ákvörðun að vinna heima einu sinni í viku eftir að bensínkostnaður jókst. Líkt og að ofan var fjöldi hringtorga gagnrýndur og bent á að það auki bensínkostnað að hægja alltaf á fyrir þau og gefa svo í aftur.

Þjónusta á vegum var gagnrýnd (sem og ástand vega). Gagnrýnt var að léleg þjónusta væri í snjómokstri en að snjómokstur væri lykilatriði í vinnusókn utan heimabæjar. Einn þátttakandi taldi Reykjanesbraut hafa verið eftir á hvað varðar viðhald og þjónustu og að hún versnaði með hverju ári. Lögð var áhersla á að mikilvægt væri að vetrarþjónustu væri sinnt af fagmennsku og að upplýsingar til vegfarenda væru réttar. Einn þátttakandi gagnrýndi að farið væri of seint af stað að moka og því væru afleggjarar seint mokaðir, ef Vegagerðin þjónusti og vakti ekki Hellisheiði almennilega lokist hún. Viðhald á vegum var sagt í lágmarki miðað við umferðapunga.

Tími var ekki einn af möguleikunum sem hægt var að velja en margir bentu á hvað ferðirnar til vinnu væru tímafreakar og að tímafaktorinn væri langsamlega erfiðastur við að sækja vinnu utan heimabyggðar.

Einnig gagnrýndu einhverjir rafbílaeigendur skort á innviðum fyrir rafmagnsbíla, til dæmis á Akranesi og á Reykjanesi og að fáir staðir væru fyrir hraðhleðslu miðað við þann fjölda bíla sem væru að fara yfir Hellisheiði. Talað var um þörf á fleiri hleðslustöðvum. Aðrir nefndu að þeir hefðu ekki efni á að kaupa sér rafmagnsbíl.

Lokanir á Hellisheiði há eðli málsins samkvæmt mjög mikið fólki sem sækir vinnu yfir heiðina. Margir bentu á það og einn þátttakandi gagnrýndi meðal annars að Vegagerðin virtist loka Hellisheiðinni ef veðurspáin væri slæm en ekki endilega ef veðrið væri slæmt. Einnig bentu þeir sem keyra Kjalanesið til vinnu á að það hefði einnig áhrif að veginum væri lokað þar, meðal annars vegna slæms skyggis. Einn þátttakandi benti á að veginum væri lokað miklu oftár en áður fyrr. Gríðarlega miklir þungaflutningar væru um veginn. Veðurfar hefur sett strik í reikninginn hvað það varðar að geta sótt vinnu um langa leið.

4.4 Samgöngumáti

4.4.1 Hvaða ferðamáta notar þú oftast til að sækja vinnu?

Langstærsti hluti þátttakenda notar einkabíl til að sækja vinnu eða 95% (35% á rafbíl og 60% á dísel eða bensínbíl), 1% notar almenningssamgöngur og 4% annað.

Tafla 14. Hvaða ferðamáta notar þú oftast til að sækja vinnu?

	Ég keyri á einkabíl (rafbíl)	Ég keyri á einkabíl (dísel eða bensínbíl)	Ég nota almenningssamgöngur	Annað	Fjöldi
Heildarfjöldi	35%	60%	1%	4%	201
Kyn					
Karl	39%	54%	1%	6%	102
Kona	30%	67%	1%	2%	98
Fæðingarár					
Fædd 1990 eða síðar	27%	73%	0%	0%	37
Fædd 1980 til 1989	27%	70%	0%	3%	59
Fædd 1970 til 1979	41%	50%	4%	6%	54
Fædd 1969 eða fyrr	42%	52%	0%	6%	50
Menntun					
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	23%	72%	0%	5%	79
Háskólamenntun	43%	53%	2%	3%	122
Búseta					
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	40%	55%	1%	4%	144
Nærsveitir Akureyrarbæjar	23%	74%	0%	4%	57
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins					
Vesturland	48%	50%	0%	2%	42
Suðurnes	33%	60%	0%	6%	63
Suðurland	38%	54%	5%	3%	37
Nærsveitir Akureyrarbæjar					
Nærsveitir Akureyrar	27%	71%	0%	2%	41
Dalvík og Hrísey	18%	82%	0%	0%	11

4.4.2 Hvað eru að jafnaði margir í bílnum sem þú ferð með?

Þeir sem ferðast í bíl fengu þessa auka spurningu, langstærsti hlutinn eða 90% ferðast einir í bílnum, 11% ferðast um í bíl þar sem farþegar eru tveir eða fleiri. Ekki er um mikinn mun að ræða eftir bakgrunnsbreytum. Því má gera ráð fyrir að þegar fólk sækir ekki vinnu utan heimabyggðar fækki um tæplega einn bíl í umferðinni á mann.

Tafla 15. Hvað eru að jafnaði margir í bílnum sem þú ferð með?

	Einn	Tveir eða fleiri	Fjöldi
Heildarfjöldi	90%	11%	191
Kyn			
Karl	92%	8%	95
Kona	87%	13%	95
Fæðingarár			
Fædd 1990 eða síðar	89%	11%	37
Fædd 1980 til 1989	95%	5%	57
Fædd 1970 til 1979	86%	14%	49
Fædd 1969 eða fyrr	87%	13%	47
Menntun			
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	87%	13%	75
Háskólamenntun	91%	9%	116
Búseta			
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	92%	8%	136
Nærsvæitir Akureyrarbæjar	84%	16%	55
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins			
Vesturland	88%	12%	41
Suðurnes	93%	7%	59
Suðurland	94%	6%	34
Nærsvæitir Akureyrarbæjar			
Nærsvæitir Akureyrar	83%	18%	40
Dalvík og Hrísey	82%	18%	11

4.5 Rafbílar

4.5.1 Átt þú rafbíl?

35% þátttakenda áttu rafbíl, 65% ekki.

Ef við skoðum svörin við þessum spurningum eftir bakgrunnsbreytum má sjá að karlar eru líklegri til að eiga rafmagnsbíl, 41% en konur 30%. Íbúar á Vesturlandi eru líklegastir til að eiga rafmagnsbíl eða 45% þeirra.

Tafla 16. Átt þú rafbíl?

	Já	Nei	Fjöldi
Heildarfjöldi	35%	65%	201
Kyn			
Karl	41%	59%	102
Kona	30%	70%	98
Fæðingarár			
Fædd 1990 eða síðar	30%	70%	37
Fædd 1980 til 1989	29%	71%	59
Fædd 1970 til 1979	41%	59%	54
Fædd 1969 eða fyrr	40%	60%	50
Menntun			
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	24%	76%	79
Háskólamenntun	43%	57%	122
Búseta			
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	38%	62%	144
Nærsveitir Akureyrarbæjar	28%	72%	57
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins			
Vesturland	45%	55%	42
Suðurnes	32%	68%	63
Suðurland	38%	62%	37
Nærsveitir Akureyrarbæjar			
Nærsveitir Akureyrar	32%	68%	41
Dalvík og Hrísey	18%	82%	11

4.5.2 Hvað hefur þú átt rafbíl lengi?

Þeir sem áttu rafbíl voru spurðir út í þann árafjölda sem þeir höfðu átt rafbíl. Flestir höfðu átt rafbíl í 1 til 2 ár eða 45% og næst flestir í 0-1 ár eða 28%, færstir höfðu átt rafbíl í 3 ár eða lengur eða 27%.

Tafla 17. Hvað hefur þú átt rafbíl lengi?

	0 til 1 ár	1 til 2 ár	3 ár eða lengur	Fjöldi
Heildarfjöldi	28%	45%	27%	71
Kyn				
Karl	33%	38%	29%	42
Kona	21%	55%	24%	29
Fæðingarár				
Fædd 1990 eða síðar	18%	73%	9%	11
Fædd 1980 til 1989	12%	77%	12%	17
Fædd 1970 til 1979	32%	32%	36%	22
Fædd 1969 eða fyrr	45%	20%	35%	20
Menntun				
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	47%	37%	16%	19
Háskólamenntun	21%	48%	31%	52
Búseta				
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	27%	51%	22%	55
Nærsveitir Akureyrarbæjar	31%	25%	44%	16
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins				
Vesturland	21%	47%	32%	19
Suðurnes	30%	55%	15%	20
Suðurland	29%	57%	14%	14

4.5.3 Að hve miklu leyti hafði það að þú sækir vinnu um lengri leið (utan heimabyggðar) áhrif á að þú skiptir yfir í rafbíl?

Athyglisvert var að meðal þeirra sem áttu rafbíl sagði 81% að það að þeir sæktu vinnu um lengri leið (utan heimabyggðar) hefði að miklu eða mjög miklu leyti haft áhrif á að þeir skiptu yfir í rafbíl. Íbúar á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins voru líklegri til að hafa skipt yfir í rafbíl út af þessu en íbúar nærsveita Akureyrar, eða 86%, í samanburði við 67%. Of fáir svöruðu á Dalvík og Hrísey til að geta sýnt svör eftir búsetu í nærsveitum Akureyrarbæjar.

Tafla 18. Að hve miklu leyti hafði það að þú sækir vinnu um lengri leið (utan heimabyggðar) áhrif á að þú skiptir yfir í rafbíl?

	Að mjög miklu leyti	Að miklu leyti	Hvorki né	Að litlu leyti	Að mjög litlu leyti	Fjöldi
Heildarfjöldi	54%	27%	9%	4%	6%	70
Kyn						
Karl	54%	32%	7%	2%	5%	41
Kona	55%	21%	10%	7%	7%	29
Fæðingarár						
Fædd 1990 eða síðar	64%	18%	9%	0%	9%	11
Fædd 1980 til 1989	59%	35%	6%	0%	0%	17
Fædd 1970 til 1979	48%	24%	14%	10%	5%	21
Fædd 1969 eða fyrr	55%	30%	5%	5%	5%	20
Menntun						
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	61%	22%	6%	6%	6%	18
Háskólamenntun	52%	29%	10%	4%	6%	52
Búseta						
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	56%	29%	7%	2%	6%	55
Nærsveitir Akureyrarbæjar	47%	20%	13%	13%	7%	15
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins						
Vesturland	58%	32%	5%	0%	5%	19
Suðurnes	55%	35%	5%	0%	5%	20
Suðurland	57%	14%	14%	7%	7%	14

4.5.4 Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Hraðhleðslustöðvar eru á nægilega mörgum stöðum á leið minni til vinnu.

Íbúar sem áttu rafbíl voru spurðir út í rafbílainviði. 32% þátttakenda voru frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að hraðhleðslustöðvar væru á nægilega mörgum stöðum á leið þeirra til vinnu, 24% voru hvorki sammála né ósammála og 44% frekar eða mjög ósammála.

Ef við skoðum svörin við þessum spurningum eftir bakgrunnsbreytum má sjá að íbúar í nærsveitum Akureyrarbæjar eru líklegri til að vera frekar eða mjög sammála þessari staðhæfingu en íbúar jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins, 44% í samanburði við 29%. Ef við skoðum búsetusvæði eru íbúar á Suðurnesjum líklegri til að vera sammála en raunar einnig líklegri til að vera ósammála þessari staðhæfingu en íbúar Vesturlands og Suðurlands. Of fá svör voru frá Dalvík og Hrísey til að sýna svar eftir búsetusvæði nærsveita Akureyrarbæjar.

Tafla 19. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Hraðhleðslustöðvar eru á nægilega mörgum stöðum á leið minni til vinnu.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi
Heildarfjöldi	11%	21%	24%	25%	18%	71
Kyn						
Karl	7%	21%	21%	24%	26%	42
Kona	17%	21%	28%	28%	7%	29
Fæðingarár						
Fædd 1990 eða síðar	18%	0%	36%	18%	27%	11
Fædd 1980 til 1989	6%	18%	24%	35%	18%	17
Fædd 1970 til 1979	5%	23%	41%	5%	27%	22
Fædd 1969 eða fyrr	15%	35%	0%	45%	5%	20
Menntun						
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	5%	26%	21%	26%	21%	19
Háskólamenntun	14%	19%	25%	25%	17%	52
Búseta						
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	9%	20%	22%	27%	22%	55
Nærsveitir Akureyrarbæjar	19%	25%	31%	19%	6%	16
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins						
Vesturland	5%	21%	26%	21%	26%	19
Suðurnes	5%	25%	15%	30%	25%	20
Suðurland	21%	0%	29%	36%	14%	14

4.5.5 Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Hraðhleðslustöðvar eru nægilega margar á hverjum stað á leið minni til vinnu.

Af rafbílaeigendum í menginu voru 30% frekar eða mjög sammála þessari fullyrðingu, 17% hvorki sammála né ósammála og 53% frekar eða mjög ósammála.

Ef við skoðum svörin við þessum spurningum eftir búsetusvæði má sjá að íbúar í nærsveitum Akureyrarbæjar eru líklegri til að vera sammála en íbúar á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins, 44%, í samanburði við 26%. Ef við skoðum svo búsetusvæði nánar eru íbúar Suðurnesja minna sammála þessari fullyrðingu en íbúar Vesturlands og Suðurlands en 74% þeirra eru mjög eða frekar ósammála þessari fullyrðingu.

Tafla 20. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu; Hraðhleðslustöðvar eru nægilega margar á hverjum stað á leið minni til vinnu.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi
Heildarfjöldi	7%	23%	17%	27%	26%	70
Kyn						
Karl	5%	24%	10%	29%	32%	41
Kona	10%	21%	28%	24%	17%	29
Fæðingarár						
Fædd 1990 eða síðar	10%	20%	10%	10%	50%	10
Fædd 1980 til 1989	6%	12%	12%	41%	29%	17
Fædd 1970 til 1979	0%	32%	36%	5%	27%	22
Fædd 1969 eða fyrr	15%	25%	5%	50%	5%	20
Menntun						
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	0%	26%	16%	26%	32%	19
Háskólamenntun	10%	22%	18%	28%	24%	51
Búseta						
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	6%	20%	13%	32%	30%	54
Nærsveitir Akureyrarbæjar	13%	31%	31%	13%	13%	16
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins						
Vesturland	5%	21%	16%	26%	32%	19
Suðurnes	0%	11%	16%	42%	32%	19
Suðurland	14%	21%	7%	29%	29%	14

4.5.6 Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Rafbílar henta til vetraraksturs.

Meirihlutinn var frekar eða mjög sammála þessari fullyrðingu eða 83%, 11% voru hvorki sammála né ósammála og 6% frekar eða mjög ósammála. Íbúar jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins voru líklegri til að vera frekar eða mjög sammála en íbúar nærsveita Akureyrar. Líkt og að ofan var ekki nægur fjöldi svara frá Dalvík og Hrísey til að skoða nánar eftir búsetusvæði nærsveita Akureyrarbæjar.

Tafla 21. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Rafbilar henta til vetraraksturs.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi
Heildarfjöldi	53%	30%	11%	3%	3%	70
Kyn						
Karl	50%	26%	19%	2%	2%	42
Kona	57%	36%	0%	4%	4%	28
Fæðingarár						
Fædd 1990 eða síðar	46%	36%	18%	0%	0%	11
Fædd 1980 til 1989	71%	18%	0%	12%	0%	17
Fædd 1970 til 1979	43%	33%	14%	0%	10%	21
Fædd 1969 eða fyrr	50%	35%	15%	0%	0%	20
Menntun						
Grunnskóla- eða framhaldskólamenntun	33%	39%	28%	0%	0%	18
Háskólamenntun	60%	27%	6%	4%	4%	52
Búseta						
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins	56%	30%	11%	2%	2%	54
Nærsveitir Akureyrarbæjar	44%	31%	13%	6%	6%	16
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins						
Vesturland	58%	32%	0%	5%	5%	19
Suðurnes	50%	35%	15%	0%	0%	20
Suðurland	62%	23%	15%	0%	0%	13

4.6 Almenningsamgöngur

4.6.1 Hvaða innviði þarf að byggja upp til að styðja við almenningsamgöngukerfið á leið þinni til vinnu?

Aðeins eitt svar barst við þessari opnu spurningu en það var að lækka verð á almenningsamgöngum. Því verður ekki frekari greining á svörum.

4.7 Opin svör

4.7.1 Er eitthvað annað sem þú vilt að komi fram varðandi vinnusókn utan heimabyggðar?

Margir þátttakendur bentu á að þeir þyrftu að sækja vinnu utan heimabyggðar, þeir ættu ekki kost á svipaðri vinnu í heimabyggð, engin vinna væri í boði í sveitinni og í sumum tilfellum færi

atvinnumöguleikum viðkomandi fækkandi í heimabyggð. Einnig var bent á að launin væru yfirleitt betri á Akureyri en í nærsveitum hjá stærri fyrirtækjum, sem þar væru, og því neyddust sumir til að sækja vinnu utan heimabyggðar vegna launanna. Nokkrir þátttakendur bentu á að það væri skortur á fjarvinnuvinnurýmum/opnum vinnustöðvum í heimabyggð þeirra. Einn þátttakandi sagðist vona að á næstu árum yrði meiri menning fyrir því að sveitarfélög byðu upp á vinnurými fyrir íbúa sem stunduðu vinnu utan heimabyggðar. Annar þátttakandi lagði til að það yrðu kjarasamningsbundin ákvæði varðandi fjarvinnu. Nokkrir þátttakendur sem áttu kost á fjarvinnu lýstu yfir létti yfir að geta unnið meira heima, mikilvægt væri að þurfa ekki að mæta á skrifstofuna oftast en maður vill. Einn benti þó á að hann upplifði að aftur hefði dregið úr jákvæðu viðhorfi og notkun fjarfundalausna og heimavinnu eftir því sem lengra liði frá Covid.

Athyglisvert var hve margir töluðu um að vilja skattafrádrátt vegna vinnusóknar milli landshluta, eða bensínstyrk hjá ríkinu. Skattkerfið þurfi að taka tillit til kostnaðar við að sækja vinnu um langan veg. Einum þátttakanda fannst að heilbrigðisstarfsfólk sem sækir vinnu utan heimabyggðar ætti að fá bensín/díselkostnað borgaðan. Jafnframt var bent á að það væri ekki lengur góður möguleiki á að sækja vinnu til Reykjavíkur ef farið væri að rukka aftur í Hvalfjarðargöngin, nema að launin myndu hækka.

Í opnu svörunum komu þónokkrar athugasemdir varðandi almenningsamgöngur. Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að vilji sé hjá mörgum til að nýta þær sér til vinnusóknar ef þær myndu henta betur. Þátttakendur gagnrýndu tíðni þeirra, verð, tímasetningu, og vandræði sem koma upp innanbæjar á höfuðborgarsvæðinu. Talað var um að strætisvögnum sem fara frá Mjódd (þangað sem til dæmis strætó frá Akranesi og Hveragerði kemur) sé ekki treystandi vegna umferðartafa og því gæti seinkun á strætó þangað leitt til biðar í allt að klukkutíma eftir næsta vagni. Einn þátttakandi benti á að það þyrfti að vera auðveldara að taka reiðhjól með sér í strætó. Annar talaði meðal annars fyrir lest milli Reykjaness og höfuðborgarsvæðisins. Talað var fyrir betri hjólastígum utan bæjarmarka.

Aðeins var komið inn á rafbíla í opnu svörunum líka. Bent var á að þrátt fyrir að rafbílur gætu verið góður kostur væru þeir dýrir og að hægt væri að kaupa bensín í mörg ár fyrir mismuninn á verði þeirra og ódýrs bensínbíls eða notaðs bíls. Einnig var bent á að rafgeymirinn í rafbílum versni til muna í köldu veðri sem auki kostnaðinn við að hlaða. Jafnframt væri lítill fjárhagslegur ávinningur í að hlaða í hraðhleðslustöðvum. Sumir töluðu um mikilvægi þess að bíll kæmist alla leið yfir fjallveg og að rafbílur væru óhentugir á fjallvegum að vetri til í ófærð. Lagt var til að vinnustaðir byðu upp á hleðslu, hvort sem það væri frítt eða gegn gjaldi, til að nýta vinnutímann til að hlaða á hægri hleðslu.

Einn þátttakandi sá ekki fyrir sér að neitt myndi breytast eða batna varðandi ástandið fyrir þá sem sækja vinnu utan heimabyggðar, engin áætlun eða sýn væri á það hvernig mætti leysa vanda sem tengjast því. Þetta myndi bara verða dýrara fyrir skattgreiðendur.

5 Umræða

Ein stærsta breyting í byggðapróun á Íslandi undanfarna áratugi er vöxtur Suðvestursvæðisins í auðveldri akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu (Þóroddur Bjarnason og Vífill Karlsson, 2022). Jafnframt hefur ásókn í búsetu í nærsveitum Akureyrarbæjar aukist undanfarna tvo áratugi. Margir íbúar þessara jaðarsvæða sækja hins vegar vinnu utan heimabyggðar. Ástæður þess eru fjölbættar en samkvæmt niðurstöðum könnunar sem lögð var fyrir í tengslum við þessa rannsókn þurfa margir einfaldlega að sækja vinnu utan heimabyggðar. Þeir eiga ekki á kost á svipaðri vinnu í heimabyggð, engin vinna er í boði í sveitinni og laun eru yfirleitt betri utan heimabyggðar.

Fyrri rannsóknir hafa sýnt að fyrir Covid-19 faraldurinn hafi mörgum íbúum jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins ekki staðið til boða að stunda fjarvinnu og þurftu þeir því að sækja vinnu um langan veg alla daga vikunnar. Niðurstöður könnunar RHA meðal íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins sem sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið og íbúa nærsveita Akureyrarbæjar sem sækja vinnu til Akureyrar eru að 31% íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins og 23% íbúa nærsveita Akureyrar hafa breytt vinnusókn sinni í kjölfar Covid-19 faraldursins þar sem bylting varð í fjarvinnumöguleikum.

Sérstaklega má merkja mun meðal íbúa jaðarsvæða höfuðborgarsvæðisins en af þeim sem sóttu vinnu til höfuðborgarsvæðisins fóru 68% þeirra 5 sinnum í viku eða oftar fyrir Covid, en nú gera 53% það. Talsverður munur er þó milli landshluta og benda niðurstöður þessarar könnunar til þess að mesta breytingin sé meðal íbúa Suðurlands en hærra hlutfall sem tók þátt í þessari könnun sækir vinnu 4 sinnum í viku til höfuðborgarsvæðisins þaðan en 5 sinnum í viku eða oftar.

Umtalsverður kynjamunur er jafnframt í vinnusókn en af þeim sem sóttu vinnu utan heimabyggðar sóttu 65% kvenna hana 5 sinnum í viku eða oftar fyrir Covid en 45% eftir faraldurinn. Hins vegar er breytingin einungis 4 prósent hjá körlum. Þetta er sérstaklega áhugavert þar sem fyrri rannsóknir hafa sýnt að konur eru ólíklegri en karlar til að sækja vinnu utan heimabyggðar. Vísbendingar eru því um að þær konur sem sækja vinnu utan heimabyggðar vinni oftar heima (í heimabyggð) en karlar.

Einnig vekur athygli að bilið milli háskólamenntaðra og þeirra sem hafa grunn- eða framhaldsskólamenntun sem sækja vinnu utan heimabyggðar fimm sinnum í viku hefur breikkað í tæplega 20%. Þessu til stuðnings segja fleiri háskólamenntaðir en grunn- eða framhaldsskólamenntaðir að þeir telji að viðhorf til fjarvinnu hafi orðið jákvæðara eftir Covid.

Í opnum svörum lýsa þátttakendur auknum lífsgæðum við möguleikann á að stunda fjarvinnu, lægri samgöngukostnaði og miklum tímasparnaði. Einn þátttakandi nefndi til dæmis að hann sparaði 1,5-2

tíma daglega sem færi annars í samgöngur. Því má telja að það sé jákvætt að þróunin virðist í átt að meiri fjarvinnu meðal þeirra sem geta stundað hana.

Leiða má líkur að því að þessi breyting á tíðni ferða frá jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins til höfuðborgarsvæðisins og frá nærsveitum Akureyrar til Akureyrar vegna atvinnusóknar muni hafa einhver áhrif á heildarumferð og notkun vegakerfisins. Yfirgnæfandi meirihluti sækir vinnu í einkabíl eða 95% þátttakenda og 90% þeirra ferðast einir. Því má leiða líkur að því að í hvert skipti sem einstaklingur vinnur heima/í heimabyggð í stað þess að leggja leið sína til annars vegar höfuðborgarinnar og hins vegar Akureyrar fækki um tæplega einn bíl í umferðinni.

Gróflega má áætla möguleg áhrif breytingarinnar á vinnusókn á vegakerfið ef litið er til tíðni ferða.

Tafla 22. Meðalfjöldi skipta sem farið er til höfuðborgarsvæðisins vegna vinnu í hverri viku.

	Meðalfjöldi fyrir Covid	Meðalfjöldi eftir Covid
Jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins		
Vesturland	4,7	4,4
Suðurnes	4,5	4,4
Suðurland	4,4	4,0

Ef við skoðum sunnanvert Vesturland til dæmis eru íbúar Akraness, Hvalfjarðarsveitar og Kjósahrepps á aldrinum 16-67 ára (vinnualdri) samkvæmt tölum Hagstofunnar 5.810, þar af 3.183 karlar og 2.627 konur. Samkvæmt Þóroddi Bjarnasyni og Vífli Karlssyni (2022) sækja 24% karla á sunnanverðu Vesturlandi og 14% kvenna vinnu til höfuðborgarsvæðisins flesta eða alla daga vikunnar. Það eru gróflega 368 konur og 764 karlar eða samtals 1.132 manns.

Niðurstöður könnunar RHA eru að fyrir Covid sóttu þeir íbúar Vesturlands sem sóttu vinnu til höfuðborgarsvæðisins vinnu þangað að meðaltali 4,7 sinnum í viku. Ef hver þeirra fór eina ferð fram og eina til baka í hvert skipti má áætla 10.641 ferð í viku vegna vinnusóknar. Eftir Covid var meðaltalið 4,4 og má því áætla 9.962 ferðir í viku vegna vinnusóknar og því vikulega fækkun um 679 ferðir.

Hægt er að áætla gróflega hvert hlutfall íbúa sunnanverðs Vesturlands sem sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins er af daglegri umferð. Dagleg umferð (ÁDU¹) árið 2022 var 9.100 á veginum sem liggur að Hvalfjarðargöngum. Ef við deilum 9.962 með sjö sem er 1.423 og margföldum svo með fjölda vinnuvikna á ári (44/52 á ári) er það um 1.204 eða 13% af daglegri umferð um svæðið.

¹ Ársdagsumferð er meðalumferð á dag yfir árið skilgreind og reiknuð af Vegagerðinni.

Ef við skoðum íbúa Suðurnesja á aldrinum 16-67 ára (á vinnualdri) samkvæmt tölum Hagstofunnar eru það 12.212 karlar og 9.905 konur. Samkvæmt Þóroddi Bjarnasyni og Vífli Karlssyni (2022) sækja 21% karla á Suðurnesjum og 14% kvenna vinnu til höfuðborgarsvæðisins flesta eða alla daga vikunnar. Það eru gróflega 2.565 karlar og 1.387 konur eða samtals 3.952 manns.

Niðurstöður könnunar RHA eru að fyrir Covid sóttu þeir íbúar Suðurnesja sem sóttu vinnu til höfuðborgarsvæðið vinnu þangað að meðaltali 4,5 sinnum í viku. Ef hver þeirra fór eina ferð fram og eina til baka í hvert skipti má áætla 35.568 ferðir í viku vegna vinnusóknar fyrir Covid. Eftir Covid var meðaltalið 4,4 og má því áætla 34.778 ferðir í viku vegna vinnusóknar og því vikulega fækkun um 790 ferðir.

Hægt er að áætla gróflega hvert hlutfall íbúa Suðurnesja sem sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins er af daglegri umferð. ÁDU 2022 var 18.000 á Reykjanesbraut. Ef við deilum 34.778 með sjö sem er 4.968 og margföldum svo með fjölda vinnuvikna á ári (44/52 á ári) er það um 4.204 eða 23% af daglegri umferð um svæðið.

Ef við skoðum íbúa vestanverðs Suðurlands, til dæmis íbúa Árborgar, Ölfuss og Hveragerðisbæjar á aldrinum 16-67 ára (vinnualdri), eru þeir 5.657 karlar og 5.302 konur samkvæmt tölum Hagstofunnar. Samkvæmt Þóroddi Bjarnasyni og Vífli Karlssyni (2022) sækja 24% karla á Suðurlandi og 12% kvenna vinnu til höfuðborgarsvæðisins flesta eða alla daga vikunnar. Þetta eru gróflega 1.358 karlar og 636 konur eða samtals 1.994 íbúar.

Niðurstöður könnunar RHA eru að fyrir Covid sóttu þeir íbúar Suðurlands sem sóttu vinnu til höfuðborgarsvæðið vinnu þangað að meðaltali 4,4 sinnum í viku. Ef hver þeirra fór eina ferð fram og eina til baka í hvert skipti má áætla 17.547 ferðir í viku vegna vinnusóknar fyrir Covid. Eftir Covid var meðaltalið 4,0 og má því áætla 15.952 ferðir í viku vegna vinnusóknar og því vikulega fækkun um ferðir 1.595.

Hægt er að áætla gróflega hvert hlutfall íbúa Suðurlands sem sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins er af daglegri umferð. ÁDU árið 2022 var 12.500 á veginum frá Hellisheiði inn í borgina. Ef við deilum 15.952 með sjö sem er 2.279 og margföldum svo með fjölda vinnuvikna á ári (44/52 á ári) er það um 1.928 eða 15% af daglegri umferð um svæðið.

Áhugavert er að skoða hver áhrifin eru á umferð á svæðinu þar sem mest breyting hefur orðið. Til að áætla hver ÁDU væri ef ekki hefði dregið úr vinnusókn má deila 1.595 með sjö sem er 228 og deila því svo yfir vinnuvikur, sem miðað er við að séu 44 á ári. Þá má áætla fjölgun í ÁDU um 193 eða að ÁDU væri annars u.þ.b. 12.700. Því væri umferð 1,6% meiri daglega um þennan veg til höfuðborgarsvæðisins ef ekki væri fyrir breytingu í vinnusókn.

Þar sem mun minni breyting varð á vinnusókn á Norðurlandi eystra var ekki áætlað hver áhrif þess voru á vegakerfið í þessari rannsókn.

Margir þátttakendur kvörtuðu undan háu samgönguverði. Það er áhugaverð niðurstaða að svo virðist sem að það að sækja vinnu um langan veg hafi áhrif á rafbílavæðingu en 81% sögðu að það að þeir sækja vinnu um lengri leið (utan heimabyggðar) hafi að miklu eða mjög miklu leyti haft áhrif á að þeir skiptu yfir í rafbíl. Almennir virðast þátttakendur könnunarinnar sáttir við fjölda staða með hraðhleðslustöðvum á leið þeirra til vinnu, sem og fjölda hraðhleðslustöðva á hverjum stað. Í opnum svörum gagnrýndu þó einhverjir rafbílaeigendur innviði fyrir rafmagnsbíla, til dæmis á Akranesi og Reykjanesi og að fáir staðir væru fyrir hraðhleðslu miðað við þann fjölda bíla sem væru að fara yfir Hellsheiði. Talað var um þörf á fleiri hleðslustöðvum.

Niðurstöður þessarar könnunar benda einnig til þess að almenningssamgöngukerfið dugi ekki sem skyldi fyrir fólk sem er að sækja vinnu utan heimabyggðar og því velji margir að nota frekar einkabílinn til að komast leiðar sinnar. Einungis 1% þátttakenda notuðu almenningssamgöngur til að sækja vinnu utan heimabyggðar. Opin svör gefa til kynna að vilji og áhugi séu fyrir hendi til að nota almenningssamgöngur en að ljónin í veginum séu meðal annars tíðni ferða, ferðatími og kostnaður. Ljóst er að ef fleira fólk gæti nýtt sér almenningssamgöngur til vinnusóknar myndi það hafa áhrif á umferðina og í tilfalli þeirra sem aka um á bensín/díselbílum á útblástur/losun.

Þátttakendur töldu ástand vega almennt gott eða mjög gott en þó var munur eftir búsetusvæði. Gagnrýni á ástand vega sneri að mestu leyti að því að vegir væru illa farnir. Ástand Grindavíkurvegs, Reykjanesbrautar og Vesturlandsvegs var sérstaklega nefnt. Einnig nefndu nokkrir þátttakendur að umferð væri of hæg, mikil umferð væri á Kjalarnesi og að lélegt slitlag og gatnakerfi bæru ekki umferðina. Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar á Hellsheiði var sögð það slæm að erfitt væri að treysta á samgöngur frá desember fram í apríl. Allt þetta rímar við svörin við spurningunni um hvað hefði mest áhrif á möguleika þátttakenda til að sækja vinnu um lengri leið en algengasta svarið þar var veðurfar (t.d. lokun á heiði), næstalgengast var að velja kostnað (t.d. vegna bensíns/strætóferða), loks var þriðji algengasti kosturinn þjónusta á vegum en umferð fylgdi þar fast á eftir. Svörin við þessari spurningu voru mismunandi eftir búsetu en ljóst er að víða má gera betur í viðhaldi vega og vetrarþjónustu.

Frekari rannsókn er þörf með stærra úrtaki til að áætla heildaráhrif af fjarvinnu á umferð til höfuðborgarsvæðisins og til Akureyrar en niðurstöður þessarar könnunar benda til þess að fjarvinna sé að aukast meðal þeirra sem sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar. Því gæti dregið eitthvað úr umferð ef að fleiri einstaklingar fara að vinna heima/í heimabyggð einhverja daga í viku.

Sérstaklega verður áhugavert að fylgjast með áframhaldandi þróun í fjarvinnu ef fólksfjölgun heldur áfram að vera meiri á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins en á höfuðborgarsvæðinu sjálfu.

6 Heimildir

Bára Elísabet Dagsdóttir. (2022). *Innviðir á Norðurlandi Eystra. Niðurstöður netkönnunar RHA í September 2022*. https://www.rha.is/static/extras/images/innvidir_pdfurvinnsla144.pdf

BHM. (2021). Vilja að réttur til fjarvinnu verði tryggður í kjarasamningum. <https://www.bhm.is/frettir/vilja-ad-rettur-til-fjarvinnu-verdi-tryggdur-i-kjarasamningum>

BSRB. (e.d.). *Stytting vinnuvikunnar*. <https://www.bsrb.is/is/stytting-vinnuvikunnar>

Byggðastofnun. (e.d.). *Breytingar á íbúafjölda – sundurliðun*. <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefing-efni/maelabord/breytingar-a-ibuafjolda-sundurliidun>

Eurostat. (2023). *Employed persons working from home as a percentage of the total employment, by sex, age and professional status (%)*. https://ec.europa.eu/eurostat/databrowser/view/lfsa_ehomp/default/table?lang=en

Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2021). *Störf án staðsetningar. Staða og framtíðarhorfur*. https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Sk%20um%20st%20a1n%20sta%20setningar%20a1g%20bast%202021_lokaeintak%20.pdf

McKinsey Global Institute. (2021). *The future of work after COVID-19*. <https://www.mckinsey.com/featured-insights/future-of-work/the-future-of-work-after-covid-19>

Nordregio. (2022). *Remote work: Effects on Nordic people, places and planning 2021-2024*. <https://pub.nordregio.org/r-2022-3-remote-work-effects-on-nordics/#>

Sigríður Elín Þórðardóttir. (2018a). *Þjónustukönnun Suðurland*. <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun2018/3-sudurland-loka.pdf>

Sigríður Elín Þórðardóttir. (2018b). *Þjónustukönnun Suðurnes*. <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/thjonustukonnun2018/1-sudurnes-loka.pdf>

Vegagerðin. (e.d.). *Umferð og slysatíðni*. <https://umferd.vegagerdin.is/>

Vegagerðin. (e.d.). *Umferðatölur á korti*. <https://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umferdartolur-a-korti/>

ViaPlan. (2018). *Ferðamynstur og vinnusóknarsvæði Akranes, Selfoss og Hveragerði*.

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/ferdamynstur_vinnusoknasvaedi_akranes_selfoss_hveragerdi/\\$file/Ferðamynstur og vinnusóknarsvæði Akranes_Selfoss_Hveragerdi.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/ferdamynstur_vinnusoknasvaedi_akranes_selfoss_hveragerdi/$file/Ferðamynstur og vinnusóknarsvæði Akranes_Selfoss_Hveragerdi.pdf)

VSÓ ráðgjöf. (2022). *Ferðir á einstakling Ferðavenjukönnun 2019*.

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/NR_1800_908_Ferdir_a_einstakling_-_Ferdavenjukonnun_2019/\\$file/NR_1800_908_Fer%C3%B0ir%20%C3%A1%20einstakling%20-%20Fer%C3%B0avenjuk%C3%B6nnun%202019.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/NR_1800_908_Ferdir_a_einstakling_-_Ferdavenjukonnun_2019/$file/NR_1800_908_Fer%C3%B0ir%20%C3%A1%20einstakling%20-%20Fer%C3%B0avenjuk%C3%B6nnun%202019.pdf)

Þorkell Stefánsson. (2022). *Hvar eru ríkisstörfin? Fjöldi ríkisstarfa 31.12.2021*.

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Starfagreining/31.12.2021/rikisstorf_31-12-2021.pdf

Þóroddur Bjarnason og Vífill Karlsson. Atvinna og búferlaflutningar. Í Þóroddur Bjarnason (ritstjóri), *Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi* (bls. 159-187). Háskóla Útgáfan.

Jóhannesson, H. (2015). Provision and Development of SGI at the Edge: The Case of Iceland. Í Heinz Fassmann, Daniel Rauhut, Eduarda Marques de Costa, Alois Humer (ritstjórar), *Services of General Interest and Territorial Cohesion European Perspectives and National Insights* (bls. 167-187). Vienna University Press.

7 Viðauki: Spurningalisti

1. Kyn:

- Karl
- Kona
- Kvár / kynsegin
- Annað
- Vil ekki svara

2. Fæðingarár:

Textbox

3. Hvað er hæsta stig menntunar þinnar?

- Grunnskólamenntun
- Framhaldsskólamenntun/iðngreinamenntun
- Háskólamenntun
- Annað

4. Ef annað, vinsamlega tilgreindu

Textbox

5. Ert þú í vinnu?

- Já ég er í fullri vinnu
- Já ég er í hlutastarfi
- Nei ég er ekki í vinnu (Farið í lok könnunar)

6. Búseta:

- Ég bý á jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins (t.d. Akranes, Selfoss, Hveragerði, Suðurnes)
- Ég bý í nærsveitum Akureyrarbæjar (t.d. Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsstrandarhreppi, Dalvíkurbyggð)
- Hvorugt (Farið í lok könnun)

7. Hvar býrð þú? (veldu það sem best á við)

- Akranes
- Árborg (Selfoss)
- Eyrarbakki
- Garðurinn (Suðurnesjabær)
- Grindavíkurbær
- Hafnir

- Hvalfjarðarsveit
- Hveragerði
- Kjalarnes
- Kjósín
- Reykjanesbær
- Sandgerði (Suðurnesjabær)
- Stokkseyri
- Vogar
- Þorlákshöfn

8. Hvar býrð þú? (veldu það sem best á við)

- Eyjafjarðarsveit
- Hrísey
- Hörgársveit
- Svalbarðsstrandarhreppur
- Grýtubakkahreppur
- Dalvíkurbyggð

9. Sækir þú vinnu út fyrir þéttbýlið þar sem þú býrð (eða út fyrir sveitabæ)?

- Já ég sæki vinnu á höfuðborgarsvæðið
- Já ég sæki vinnu á Akureyri
- Já ég sæki vinnu utan heimabyggðar en ekki á höfuðborgarsvæðið eða Akureyri
- Nei ég sæki vinnu í heimabyggð (sendur í lok könnun)

Ef svarar: Já ég sæki vinnu utan heimabyggðar en ekki á höfuðborgarsvæðið eða Akureyri

þá opið svar:

10. Getur þú útskýrt nánar hvert þú sækir vinnu?

11. Hvert er pósthúmerið þar sem vinnustaðurinn er?

Textbox

12. Hversu oft í viku (að jafnaði) sækir þú vinnuna utan heimabyggðar?

- 1 sinni í viku
- 2 sinnum í viku
- 3 sinnum í viku
- 4 sinnum í viku
- 5 sinnum í viku eða oftar
- Sjaldnar en 1 sinni í viku

13. Hefur þú möguleika á að vinna heima/ í heimabyggð?

- Já nánast alltaf
- Já meirihluta vikunna
- Já minnihluta vikunnar
- Já í einstaka tilfellum
- Nei

14. Hversu gott eða slæmt þykir þér ástand vega til að sækja vinnu utan heimabyggðar?

- Mjög gott
- Gott
- Hvorki gott, né slæmt
- Slæmt
- Mjög slæmt

Ef slæmt/mjög slæmt kassi:

15. Gætirðu útskýrt þetta nánar?

Textbox

16. Hvað telur þú mest hafa áhrif á möguleika þína til að sækja vinnu um lengri leið? (Veldu að hámarki 3 kosti)

- Hættulegur vegur (t.d. hlykkjóttur, mjór, brattar brekkur, bratt fram í sjó)
- Þjónusta á vegum
- Umferð
- Almenningsangangur
- Lélegir innviðir fyrir rafbíla
- Veðurfar (t.d. lokun á heiði)
- Kostnaður (t.d. vegna bensíns/strætó ferðar)
- Hætta af öðrum vegfarendum
- Náttúruvá

17. Getur þú útskýrt nánar af hverju þú valdir þessa kosti sem mestu hindrunina?

Textbox

18. Sóttir þú vinnu utan heimabyggðar áður en Covid-19 faraldurinn skall á?

- Já
- Nei

19. Hversu oft í viku (að jafnaði) sóttir þú vinnu utan heimabyggðar áður en Covid-19 faraldurinn skall á?

- 1 sinni í viku
- 2 sinnum í viku
- 3 sinnum í viku
- 4 sinnum í viku
- 5 sinnum í viku eða oftar
- Sjaldnar en 1 sinni í viku

20. Hefur orðið breyting á vinnusókn þinni í kjölfar Covid-19 faraldursins?

- Já
- Nei
- Veit ekki

Ef já:

21. Getur þú útskýrt nánar?

Textbox

22. Hefur orðið breyting á fjölda ferða þinna til og frá höfuðborgarsvæðinu eftir faraldurinn?

- Já ég fer sjaldnar
- Já ég fer oftar
- Nei
- Veit ekki

23. Hefur orðið breyting á fjölda ferða þinna til og frá Akureyri eftir faraldurinn?

- Já ég fer sjaldnar
- Já ég fer oftar
- Nei
- Veit ekki

24. Finnst þér munur á viðhorfi gagnvart fjarvinnu eftir Covid-19?

- Já mér finnst viðhorfið jákvæðara
- Já mér finnst viðhorfið neikvæðara
- Nei mér finnst enginn munur

25. Hvaða ferðamáta notar þú oftast til að sækja vinnu?

- Ég keyri á einkabíl (rafbíl)
- Ég keyra á einkabíl (dísel eða bensínbíl)
- Ég nota almenningssamgöngur

- Annað

26. Hvað eru að jafnaði margir í bílnum sem þú ferð með?

- 1
- 2
- 3
- 4
- 5 eða fleiri

27. Átt þú rafbíl?

- Já
- Nei

28. Hvað hefur þú átt rafbíl lengi?

- 0 til 1 ár
- 1 til 2 ár
- 3 til 4 ár
- 5 ár eða lengur
- Á ekki við

29. Að hve miklu leyti hafði það að þú sækir vinnu um lengri leið (utan heimabyggðar) áhrif á að þú skiptir yfir í rafbíl?

- Að mjög miklu leyti
- Að miklu leyti
- Hvorki né
- Að litlu leyti
- Að mjög litlu leyti

30. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Hraðhleðslustöðvar eru á nægilega mörgum stöðum á leið minni til vinnu.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

31. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Hraðhleðslustöðvar eru nægilega margar á hverjum stað á leið minni til vinnu.

- Mjög sammála
- Frekar sammála

- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

32. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Rafbílar henta til vetraraksturs.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

33. Hvaða innviði þarf að byggja upp til að styðja við almenningssamgöngukerfið á leið þinni til vinnu?

Textbox

34. Er eitthvað annað sem þú vilt að komi fram varðandi vinnusókn utan heimabyggðar?

Textbox